



KIRKJULISTAHÁTÍÐ

MYSTERIUM - GJAFIR ANDANS

HALLGRÍMSKIRKJA / ÁSMUNDARSALUR

1. - 10. JÚNÍ 2019



Efnisyfirlit

Ávarp listræns stjórnanda	3
Dagskráryfirlit	4
Festival programme	6
Setningarathöfn	8
Myndlistarsýning:	10
Upphafstónleikar Kirkjulistahátíðar	12
Hátíðarmessa á sjómannadaginn	22
Útlendingurinn	24
Maríubænir frá Montserrat.	26
Hátíðarhljómar Kirkjulistahátíðar — tveir trompetar og orgel	28
Orgel-matinée á Kirkjulistahátíð	30
Aftansöngur með tónlist eftir Johann Sebastian Bach	32
Tölvur, Klais og klukkuspil.	34
Hátíðarguðspjónusta	36
Hátíðartónleikar með Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju	38
Hátíðarmessa á annan í hvítasunnu.	40
Lokatónleikar Kirkjulistahátíðar	42
Flytjendur	52

ÁVARP LISTRÆNS STJÓRNANDA
ADDRESS OF THE ARTISTIC DIRECTOR



Mysterium — Gjafir andans

Kirkjulistahátíð er nú aftur haldin í Hallgrímskirkju í birtu vors og hvítasunnu. Fyrstu Kirkjulistahátíðinni árið 1987 var valinn tími á hvítasunnu með það að markmiði að sækja listrænan innblástur til heilags anda. Hugmyndin var að um leið mætti skerpa athyglina á þessari fornu kirkjuhátíð sem er fæðingarhátíð kristinnar kirkju. Hátíðin var allt til ársins 2003 haldin annað hvert ár á hvítasunnunni, en síðan árið 2005 hefur hún farið fram á öðrum tímum kirkjuársins. Leynardómur, dulúð, heilagur andi og nýsköpun eru meðal annars stef sem leikið er með á þessari hátíð — einsöngur, körsöngur og leikur á ýmiss konar hljóðfæri, strengi og pípur, bjóða upp á ótrúlega fjölbreytni í túlkun texta og tilfinninga. Meira að segja myndlistin ómar!

Á Kirkjulistahátíð 2019 er nýsköpun tónlistar fyrirferðarmikil með frumflutningi óratóriunnar Mysterium, op. 53, eftir Hafliða Hallgrímsson, og sömuleiðis með frumflutningi kantötunnar Veni, Sancte Spiritus eftir Sigurð Sævarsson. Bæði verkin fjalla um leyndardóma trúarinnar, verk Hafliða um leyndardóm upprisunnar og verk Sigurðar um undur hvítasunnunnar. Textar beggja verka eru á latínu, sem undirstrikar dulúð þeirra og víkkar landamæri viðtakenda í tíma og rúmi. Að flutningi beggja þessara verka koma samtals um 130 flytjendur. Þá verða einnig fluttar þrjár kantötur Bachs sem tengjast páskum og hvítasunnu. Til að flytja þær á sem upprunalegastan hátt kemur tónlistarfólk víðs vegar að undir merkjum Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Hallgrímskirkju. Finnbogi Pétursson myndlistarmaður sýnir list fyrir augu og eyru sem teygir sig úr Hallgrímskirkju eftir ósýnilegum leiðum yfir í Ásmundarsal. Klukknauspil Hallgrímskirkju verður tengt stóra orgelinu með áður óþekktum möguleikum til samspils klukkna og orgels.

Dagskrá Kirkjulistahátíðar 2019 býður upp á mikla fjölbreytni, tónleika með tónlist frá ýmsum stíltímabilum, helgihald með vandaðri kirkjutónlist margra flytjenda, fyrirlestra, leikverk og myndlist. Að dagskránni og skipulagi hennar kemur stór hópur fólks sem lagt hefur mikið á sig til að allt megi takast sem best. Ég þakka þeim öllum fyrir ómetanlegt framlag. Ég vona að gestir á Kirkjulistahátíð 2019 finni í dagskránni góðar „gjafir andans“.

Gleðilega Kirkjulistahátíð!

Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi

Mysterium – Gifts of the Spirit

THE FESTIVAL OF SACRED ARTS 2019 is held once again this year in Hallgrímskirkja in the fresh light of spring and Whitsuntide. Whitsun was chosen for the first Festival of Sacred Arts in 1987 with the deliberate intention of looking to the Holy Spirit for artistic inspiration. The idea was also to focus attention on this ancient church festival as the time of birth of the Christian church. Up until 2003 the festival was held at Whitsun on alternate years but since 2005 it has taken place at other times of the Church year. The secrets and mysteries of Christian revelation, the Holy Spirit and new creation form central themes of this year's festival: solo song, choir song, performance on a wide range of string, wind and percussion instruments offer an incredible variety in the interpretation of texts and emotions. Even the visual art resonates.

Creative originality plays a prominent part in the Festival of Sacred Arts 2019 with the première of the oratorio Mysterium, op. 53, by Hafliði Hallgrímsson and the cantata Veni Sancte Spiritus by Sigurður Sævarsson. Both works reflect the secrets of faith – Hafliði's looking to the mystery of the Resurrection and Sigurður's to the miracle of Pentecost. Both works use Latin texts to underscore their enigmas and broaden the horizons of their audiences in time and space. Together these works involve the participation of around 130 performers.

The festival includes performances of three Bach cantatas associated with Easter and Pentecost. To realise them in as close as possible to their original conception musicians have been brought in from all directions under the name of the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra. The artist Finnbogi Pétursson has created a work for both eye and ear which reaches out by unseen ways from the cathedral itself across the street to the Ásmundarsalur. The carillon of Hallgrímskirkja will be connected to the great organ with previously unexplored possibilities for the interaction between bells and organ.

The programme of the Festival of Sacred Arts 2019 offers guests a rich variety, including concerts of music of various times and styles, religious services with magnificent sacred music and massed participation, lectures, drama and art. The programme and organisation of the festival would not have been possible without the input of a large number of people who have put in unstinting time and effort to ensure its success. I thank them all for their inestimable contributions, and I hope that visitors to the Festival of Sacred Arts 2019 will find in its programme the very best 'gifts of the spirit'.

Welcome to the Festival of the Sacred Arts!

Hörður Áskelsson, Artistic Director

DAGSKRÁ KIRKJULISTAHÁTÍÐAR 2019



LAUGARDAGUR 1. JÚNÍ

15.00 Setningarathöfn Kirkjulistahátíðar.

Konsertorganistinn Isabelle Demers, trompetleikarnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson og Björn Steinar Sólbergsson organisti leika hátíðartónlist.

15.30 Sýning Finnboga Péturssonar, Yfir og út, opnuð í Hallgrímskirkju og Ásmundarsal.

17.00 Upphafstónleikar Kirkjulistahátíðar 2019.

Mysterium, ný óratória eftir Hafliða Hallgrímsson fyrir tvo kóra, hljómsveit, orgel og fjóra einsöngvara frumflutt. Flytjendur: Mótettukór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Hanna Dóra Sturludóttir alt, Elmar Gilbertsson tenór, Oddur Arnþór Jónsson bassi og hátíðarhljómsveit Kirkjulistahátíðar. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Isabelle Demers konsertorganisti leikur tvo þætti úr L'Ascension eftir Olivier Messiaen við upphaf tónleikanna.

SUNNUDAGUR 2. JÚNÍ

11.00 Hátíðarmessa á sjómannadaginn.

Prestar eru Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Sönghópurinn Hljómeyki syngur. Marta Guðrún Halldórsdóttir stjórnar.

15.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Atli Freyr Steinþórsson ræðir við Hafliða Hallgrímsson tónskáld um verk hans, Mysterium.

17.00 Óratórían Mysterium. Endurtekniir tónleikar frá laugardegi.

MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ

12.00 Myndlistarspjall í Ásmundarsal.

Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir ræða við Finnboga Pétursson myndlistarmann um verk hans.

21.00 Útlendingurinn.

Verk í hljóðum, tali og tónum eftir Halldór Hauksson byggt á samnefndri skáldsögu eftir Albert Camus.

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ

12.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Alexandra Kjeld ræðir við Marinu Albero psalterium-leikara.

21.00 Mariúbænir frá Montserrat — „Þeir vilja stundum syngja og dansa“.

Kammerhópurinn Umbra ásamt Marinu Albero psalterium-leikara og fleiri góðum gestum flytja katalónska og norræna Mariúsöngva frá miðöldum.

MIÐVIKUDAGUR 5. JÚNÍ

20.00 Hátíðarhljómar Kirkjulistahátíðar — tveir trompetar og orgel.

Trompetleikarnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson ásamt David Cassan, konsertorganista frá Frakklandi, flytja tónlist eftir Charpentier, Vivaldi, Händel og fleiri.

FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ

12.00 Orgel-matinée á Kirkjulistahátíð.

Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, leikur orgeltónlist hvítasunnunnar eftir Johann Sebastian Bach, Jón Ásgeirsson og Maurice Duruflé. Prestur er Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

FÖSTUDAGUR 7. JÚNÍ

16.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Halldór Hauksson ræðir við Benedikt Kristjánsson tenór um kantötur helgarinnar.

LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ

17.00 Aftansöngur. Kantatan Bleib bei uns, BWV 6, eftir Johann Sebastian Bach. Prestur er Kristján Valur Ingólfsson. Flytjendur: David Erler kontratenór, Benedikt Kristjánsson tenór, Oddur Arnþór Jónsson bassi, Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

17.50 Hvítasunnan hringd inn með klukkuspili Hallgrímskirkju.

18.00 Samhringing klukkna.

21.00 Tölvur, Klais og klukkuspil.

Umsjónarmaður er Guðmundur Vignir Karlsson.

SUNNUDAGUR 9. JÚNÍ, HVÍTASUNNUDAGUR

11.00 Hátíðarguðspjónusta. Kantatan O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34, eftir Johann Sebastian Bach.

Prestar eru Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson. Flytjendur: Mótettukór Hallgrímskirkju, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju með barokktrompetum og pákum, David Erler kontratenór, Benedikt Kristjánsson tenór og Oddur Arnþór Jónsson bassi. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

20.00 Hátíðartónleikar með Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju — „Dansar gleði og alvöru“.

Flutt verður hátíðartónlist fyrir óbó, trompet, pákur og strengi, meðal annars Hljómsveitarsvita í h-moll eftir Johann Sebastian Bach. Einleikari er Georgia Browne flautuleikari. Konsertmeistari er Tuomo Suni.

MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ, ANNAR Í HVÍTASUNNU

11.00 Hátíðarmessa á annan í hvítasunnu.

Prestar eru Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson. Flutt verður hátíðartónlist. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel. Kórin Graduale Nobili syngur. Þorvaldur Örn Daviðsson stjórnar.

15.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Kristján Valur Ingólfsson ræðir við Sigurð Sævarsson tónskáld um nýja kantötu hans, Veni, Sancte Spiritus.

17.00 Lokatónleikar Kirkjulistahátíðar 2019 — „Eilífðareldur, uppspretta ástar“.

Fluttar verða hvítasunnukantötturnar Erschallet, ihr Lieder, BWV 172 og O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34, og páskakantatan Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6, eftir Johann Sebastian Bach, og sömuleiðis frumflutt Veni, Sancte Spiritus, hvítasunnukantata eftir Sigurð Sævarsson. Flytjendur: Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Hildigunnur Einarsdóttir alt, David Erler kontratenór, Benedikt Kristjánsson tenór og Oddur Arnþór Jónsson bassi. Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

FESTIVAL PROGRAMME 2019

SATURDAY 1 JUNE 3 PM

OPENING CEREMONY

Entrance free – everybody welcome!

Organ soloist Isabelle Demers. Trumpets Jóhann Nardeau and Baldvin Oddsson, with Björn Steinar Sólbergsson organ. Carillon concert inside and outside the cathedral. Short address.

3:30 pm Opening of art exhibition: **FINNBOGI PÉTURSSON**. Hallgrímskirkja and Ásmundarsalur

5 pm OPENING CONCERT

Première: **MYSTERIUM**, oratorio by Hafliði Hallgrímsson.

Hallgrímskirkja Motet Choir, Schola Cantorum, Herdís Anna Jónasdóttir soprano, Hanna Dóra Sturludóttir alto, Elmar Gilbertsson tenor, Oddur A. Jónsson bass. Festival of Sacred Arts Orchestra. Conductor: Hörður Áskelsson.

Before the main work concert organist Isabelle Demers plays two sections from Messiaen's L'Ascension. Tickets: 6,900 ISK.

SUNDAY 2 JUNE

11 am **DIVINE MASS FOR MARINERS' DAY.**

Hljómeyki Chamber Choir, brass quartet, organ

3 pm Meet the composer. Ásmundarsalur

Discussion with Hafliði Hallgrímsson, composer.

5 pm **MYSTERIUM:** repeat performance of Hafliði Hallgrímsson's oratorio. See 1 June

MONDAY 3 JUNE

12 am Meet the artist. Ásmundarsalur

Discussion with Finnbogi Pétursson, artist.

9 pm **THE STRANGER**

A programme of sounds, words and music by Halldór Hauksson, inspired by the novel of Albert Camus. Tickets: 2,900 ISK

TUESDAY 4 JUNE

12 am Meet the musician. Ásmundarsalur

Discussion with Catalanian musician Marina Albero.

9 pm **HYMNS TO THE HOLY VIRGIN FROM THE RED BOOK OF MONTSERRAT**

"Sometimes they want to sing and dance"

Chamber ensemble Umbra with Marina Albero, internationally acclaimed psalterium player, perform songs to the Virgin Mary from medieval Catalonia, together with old Icelandic sacred poems to the Virgin. With male voice ensemble and percussionists
Tickets: 5,900 ISK.

WEDNESDAY 5 JUNE

8 pm **FESTIVAL SOUNDS – TWO TRUMPETS AND ORGAN**

Jóhann Nardeau and Baldvin Oddsson, trumpets with award-winning French organist David Cassan perform music by Charpentier, Vivaldi, Handel and others. Tickets: 4,900 ISK.

THURSDAY 6 JUNE

12 am **ORGAN MATINÉE** Veni, Creator Spiritus

Björn Steinar Sólbergsson, organist at Hallgrímskirkja, plays works for Pentecost by J.S. Bach and Duruflé. Entrance free – everybody welcome!

FRIDAY 7 JUNE

4 pm Meet the singer. Ásmundarsalur

Tenor Benedikt Kristjánsson discusses the coming weekend programme of Bach cantatas.

SATURDAY 8 JUNE

5 pm **EVENSONG** J.S. Bach cantata Bleib bei uns (BWV 6)

David Erler countertenor, Benedikt Kristjánsson tenor, Oddur A. Jónsson bass, Schola Cantorum and the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra. Conductor: Hörður Áskelsson. Entrance free – everybody welcome!

5.50 pm Pentecost rung in. Carillon

6 pm Carillon and bells of Hallgrímskirkja inside and out, including in Ásmundarsalur as part of the Finnbogi Pétursson exhibition

9 pm **COMPUTERS, KLAIS AND CARILLON**

The Klais grand organ and carillon of Hallgrímskirkja join forces with state-of-the-art computer technology. Director: Guðmundur Vignir Karlsson. Entrance free – everybody welcome!

SUNDAY 9 JUNE PENTECOST

11 am **FESTIVAL MASS**

J.S. Bach cantata O ewiges Feuer (BWV 34)

David Erler countertenor, Benedikt Kristjánsson tenor, Oddur A. Jónsson bass, with the Hallgrímskirkja Motet Choir, the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra, and Björn Steinar Sólbergsson, organ. Conductor: Hörður Áskelsson. Entrance free – everybody welcome!

8 pm **FESTIVAL CONCERT OF BAROQUE MUSIC**

with the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra
"Dances Joyful, Dances Solemn"
Music for oboe, trumpet, timpani and strings by Telemann and Vivaldi.
Orchestral Suite in B minor (BWV 1067) by J.S. Bach. Flute soloist: Georgia Browne (Australia). Leader: Tuomo Suni.
Tickets: 6,900 ISK.

MONDAY 10 JUNE

11 am **FESTIVAL MASS FOR WHIT MONDAY**

Concert of French music performed by the Graduale Nobili youth choir. Conductor: Þorvaldur Örn Davíðsson. Organist: Björn Steinar Sólbergsson.

3 pm Meet the composer. Ásmundarsalur

Discussion with Sigurður Sævarsson, composer.

5pm **CLOSING CONCERT**

"Eternal Fire, Fountain of Love"

Three cantatas for Pentecost by J.S. Bach: Erschallet, ihr Lieder (BWV 172), O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe (BWV 34), and Bleib bei uns (BWV 6). Première of Veni, Sancte Spiritus, a cantata for Pentecost by Sigurður Sævarsson. Herdís Anna Jónasdóttir soprano, Hildigunnur Einarsdóttir alto, David Erler countertenor, Benedikt Kristjánsson tenor and Oddur A. Jónsson bass.

Schola Cantorum, the Hallgrímskirkja Motet Choir and the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra. Conductor: Hörður Áskelsson.
Tickets: 7,900 ISK.

Services during the Festival of Sacred Arts 2019 are celebrated by the pastors of Hallgrímskirkja, Rev. Dr. Sigurður Árni Þórðarson and Rev. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, with guests. See hallgrímskirkja.is and kirkjulistahatid.is.

LAUGARDAGUR 1. JÚNÍ

15.00 Setningarathöfn Kirkjulistahátíðar.

Konsertorganistinn Isabelle Demers, trompetleikararnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson og Björn Steinar Sólbergsson organisti leika hátíðartónlist.



DAGSKRÁ

Overture úr Te Deum eftir Marc-Antoine Charpentier
Jóhann Nardeau, trompet, Baldvin Oddsson, trompet, Björn Steinar Sólbergsson, orgel.

Ávarp
Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi Kirkjulistahátíðar.

Fúga í D-dúr eftir Johann Sebastian Bach
Isabelle Demers, orgel.

Setningarávarp
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Schola cantorum syngur

Opnun myndlistarsýningar
Rósa Gísladóttir opnar sýningu Finnboga Péturssonar, Yfir og út.

Klukknaspil hljómar á Hallgrímstorgi þegar athöfninni í kirkjunni lýkur og gestir ganga yfir í Ásmundarsal, þ.s. hinn hluti sýningar Finnboga verður opnaður. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Opening ceremony of the Festival of Sacred Arts.
Festive music, choral singing, addresses by the festival's artistic director and the prime minister.




LAUGARDAGUR 1. JÚNÍ

15.30 Sýning Finnboga Péturssonar, Yfir og út, opnuð í Hallgrímskirkju og Ásmundarsal.

Opnun myndlistarsýningar á opnunardegi Kirkjulistahátíðar. Finnbogi hefur haldið ótal sýningar hér heima og erlendis. Verk hans eru samtímis jarðbundin og náttúrutengd, óræð og óhlutbundin. Hann er myndlistarmaður sem vinnur með rafmagn, spennubreyta, ljós og hljóðbylgjur. Hljómurinn gegnir oft lykilhlutverki. Sýning Finnboga í Hallgrímskirkju og Ásmundarsal stendur til 30. júní. Sýningin í forkirkju Hallgrímskirkju stendur áfram til 1. september. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir. Ókeypis aðgangur og allir hjartanlega velkomnir.

A new installation, titled Over and Out, by **Finnbogi Pétursson**, one of Iceland's foremost artists, combining sight and sound in unexpected ways.



Ferningur. Hringur. Þríhyrningur. Geómetrísk grunnform.

Óaðfinnanlegur feringur, fullkominn hringur, hreinn þríhyrningur. Sem um tilurð eða smíði eru háð hugviti og nákvæmnum verkfærum. Sem um lestur eða túlkun eru háð ákveðinni menningu, fræðilegum tilvisunum. En sem um persónulega upplifun í rými er ekki háð neinu nema skynjun. Skynjun hvers og eins, á sínum forsendum og sínum stað, í sínum náttúrulega, ófullkomna líkama, í sínum náttúrulega, breyska mannleika.

Á sýningu Kirkjulistarhátíðar í ár er sótt aftur í aldir. Aftur til þess tíma þegar sjónskyn var ekki enn komið í há sæti virðingar, aftur til þess tíma þegar önnur skynfæri eins og heyrn eða snerting voru enn grunnurinn í skynjun okkar og skilningi á heiminum. Aftur til þess tíma sem samskipti manna byggðust á samtali og líkamlegri hlustun, frekar en skrifuðum texta. Til þess tíma sem þrívitt, efniskennt rými rammaði inn snertingu okkar við heiminn. En hér er líka snert á galdri vísinda og hreyfíkrafti hreinnar geómetríu í miskunnarlausu aðdráttarfli sjónrænnar ógunar.

Listamaðurinn Finnbogi Pétursson hugsar fering, smíðar fering. Hann hugsar hring, smíðar hring. Listamaðurinn gerir fimm feringa. Hann gerir tvo hringi. Setur upp hornrétt, raðar í hring. Listamaðurinn staðsetur form sín í tveimur byggingum, á þremur stöðum, og dregur þannig upp (óhlutbundinn) þríhyrning þeirra á milli. Sem í sjálfu sér vekur ákveðin hughrif, ákveðinn kraft: fullkomlega dregin, óaðfinnanleg form, skýr lestur.

Við fyrstu sýn eru þetta einföld verk; í Hallgrímskirkju eru það annars vegar ferningslaga málplötur sem settar eru upp á veggfleti hins ferningslaga forrýmis og hins vegar hringlaga stálkróna hengd í loft kirkjuskipsins sem teygir sig upp í óendanleikann með bogadregnum línun þaksins, og í Ásmundarsal handan götunnar eru það ferningslaga form sem raðað er í stóran hring á gólfi undir árvökulu auga málplötu á endavegg ósamhverfs rýmisins.

En ekki er allt sem sýnist. Til viðbótar hreinu formi efnis í rými, bætir listamaðurinn við ófniskennendum þáttum sem sóttir eru í heim hljóðsins. Í kirkjuskipið sækir hann lágvært hvísl, hósta, tilviljanakennt skvaldur eða tifandi þögn með næsta ósýnilegum hljóðnemum sem felast í hringlaga krónunni hátt yfir höfðum manna. Í forsalnum fæðir hann dáleiddandi eigin tíðni málmsins með dvergsmaum nemum aftan á ferningslaga plötunum og vekur áleitinn riðandi tón úr iðrum efnisins. Hljóðið fær endanlega mynd sína af viðfeðmu rýminu sem rammað er inn af umlykjandi formi byggingarinnar, það er handsamað, magnað og því miðlað í gegnum himinhvolfið þvert á steypa vegg húsa, þvert á borgarland umhverfisins yfir í lágstemmt rými listasafnsins handan götunnar. Sjónrænt viðmót verkanna, feringa sem hrings, missir fótanna, gefur eftir fyrir annarri tjáningu; ófniskennndri hlustun sem römmuð er inn í opnum hring á miðju gólfi, fjarri uppsprettu hins eiginlega hljóðs.

Ekki er allt sem sýnist. Til viðbótar efni og hljóði, sem nemur rými ákveðins staðar og teiknar það upp fyrir líkamlegri hlustun á öðrum stað, beitir listamaðurinn einnig litum sem sóttir eru í staðbundið landslag borgarinnar utan við kirkju og safn. Völdum litum af klæðningu húsa, sem rétt eins og raddir mannanna í kirkjunni eru handsamaðir og eimaðir á ferningslaga fleti í ferningslaga rými með tilvisun í margvíslegar raddir íbúanna í borginni, persónulegar raddir málplötuklæddra bygginga í samfélagi manna. Einhverra hluta vegna eru litirnir þeir sömu og valdir hafa verið fyrir margt löngu til að staðfesta fjórar tíðir kirkjuársins, eima þær í rauðan lit og grænan, hvítan og fjólubláan sem ólíkt húsunum í borginni eru mettaðir táknrænni merkingu, hlaðnir fræðilegum tilvisunum í ákveðna menningu, ákveðið skipulag og skilning á mynd heimsins.

Fjórir litir, sóttir í sameiginlegt almenningssými borgarinnar. Fjórir litir, sóttir í samfélag manna. Og einn til viðbótar. Á málplötunni stöku sem stendur utan kirkju, inni á safni með árvökult auga á þeim sem hætta sér hingað, leyfa forvitninni að toga sig hingað yfir götuna til að stíga inn í hring, loka augunum og leggja við hlustir. Fimmti liturinn er koksgrár og vísar í þann lit sem mest er tekinn á málmlæddar byggingar borgarinnar þessa dagana. Koksgrár, rólegur, jarðbundinn. Laus við fræðilegar tengingar og táknrænar tilvísanir nema til hins jarðbundna lífs í húsunum í borginni. Mögulega þeim mun tilfinnanlegri í raun þar sem hljóðið innan hringsins á miðju gólfi salarins í safninu kemur beint úr iðrum kirkjunnar, bæði skvaldur, hvísl og suðandi þögn. Þögn sem aldrei er alger, því rými kirkjuskipsins hefur sína eigin innri hljóðtíðni. Rétt eins og manneskjan hefur sína eigin innri tíðni og ólíka öðrum, en litast af samvistum við aðra, samskiptum, samtali og líkamlegri nánd.

Listamaðurinn hugsar geómetrísk form. Hann smíðar hrein form í efni; fering, hring, þríhyrning sem bera með sér táknrænar tilvísanir í menningarsögu sjónlista. En hann hugsar ekki síður ófniskennnda skynjun hljóðs, sem hann handsamar og höndlar eins og um efni væri að ræða, nema það efni verður ekki numið með augunum heldur líkamlegri hlustun, raunverulegri staðsetningu manns í rými, bæði því sem umlykur og því sem er innra með manni.

Tvö andans hús, hvert á sinn hátt, ljá undruninni rými. Föst stærð verður endalaus.

Guja Dögg Hauksdóttir

LAUGARDAGUR 1. JÚNÍ

17.00 Upphafstónleikar Kirkjulistahátíðar 2019.

MYSTERIUM, OP. 53, NÝ ÓRATÓRÍA EFTIR HAFLIÐA HALLGRÍMSSON

Verkið er tileinkað Herði Áskelssyni og Listvinafélagi Hallgrímskirkju. Isabelle Demers konsertorganisti leikur tvo þætti úr L'Ascension eftir Olivier Messiaen í upphafi tónleikanna.



EFNISSKRÁ

Olivier Messiaen (1908–1992)

Úr L'Ascension (1934):

- I. Majesté du Christ demandant sa gloire à son Père (Mikilfengleiki Krists er hann krefst dýrðar sinnar af föður sínum)
- IV. Prière du Christ montant vers son Père (Bæn Krists er hann rís upp til föður síns)

Opening concert of the Festival of Sacred Arts. Première of a new grand oratorio, *Mysterium*, by a doyen among contemporary Icelandic composers, Haflíði Hallgrímsson. The subject matter is the story of the resurrection of Christ as told by St John the Evangelist, interwoven with exquisite Latin poetry.

Haflíði Hallgrímsson (f. 1941)

Mysterium, op. 53 (frumflutningur)

FLYTJENDUR:

Herdís Anna Jónasdóttir sópran
Hanna Dóra Sturludóttir alt
Elmar Gilbertsson tenór
Oddur Arnþór Jónsson bassi
Mótettukór Hallgrímskirkju
Schola cantorum
Isabelle Demers, orgel
Hátíðarhljómsveit Kirkjulistahátíðar
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

UM L'ASCENSION EFTIR MESSIAEN



Áður en hin nýja óratória Haflíða Hallgrímssonar verður frumflutt leikur konsertorganistinn Isabelle Demers tvo þætti úr verkinu *L'Ascension* (*Uppstigningunn*) eftir franska tónskáldið Olivier Messiaen. Þessi formáli að *Mysterium*, ef við getum tekið svo til orða, er við hæfi því að bæði verk taka á náskyldum atburðum í lífi Jesú Krists, óratória Haflíða á upprisu hans, en tónsmíð Messiaens á himnaför frelsarans.

Olivier Messiaen (1908–1992) var um margt óvenjulegt og óhefðbundið tónskáld. Hann var ákaflega trúður maður á trúlausri öld, var kirkjuorganisti við Prenningarkirkjuna í París öll fullorðinsár sín fram í andlátíð, og samdi fjölbreytt verk með sterkum höfundareinkennum sem voru í senn ágeng og nútímaleg en borin fram af djúpu og nánast dulúðugu trúartrausti. Messiaen nefndi oft verk sín, eða þætti í verkum sínum, ákaflega ábúðarfullum nöfnum sem lýsa gjarnan stórkostlegri himneskri mynd eða sýn, eða jafnvel flóknum guðfræðihugtökum. Við getum tekið dæmi um þetta af þáttunum tveimur sem við heyrum á tónleikunum í dag á undan *Mysterium*, en þeir nefnast *Majesté du Christ demandant sa gloire à son Père* (*Mikilfengleiki Krists er hann krefst dýrðar sinnar af föður sínum*) og *Prière du Christ montant vers son Père* (*Bæn Krists er hann rís upp til föður síns*). Í þessu verki, sem er umritun Messiaens á hljómsveitarverki hans með sama nafni, glímir tónskáldið við sjálfan fund frelsarans og drottins er Kristur stígur upp í himnaríki.

Fyrri þátturinn, *Mikilfengleiki Krists*, er einfaldur í byggingu og samanstendur af dularfullum og leitandi tónum sem ná gjarnan hápunkti sínum í ábúðarmiklum hljómunum sem minna á niðurlag sálma eða helgitónlistar. Við sjáum hér fyrir okkur frelsarann, sem er bæði leyndardómsfullur og hátt upp hafinn. Seinni þátturinn, *Bæn Krists*, hefst á lágværum nótum sem aukast löturhægt að styrk eftir því sem Kristur nálgast himnaríki. Bæn hans í meðförum Messiaens hljómar eins og hún sé hógvær og auðmjúk, rétt eins og Kristur sjálfur.

Atli Freyr Steinþórsson

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON - UM MYSTERIUM



I
Fyrir rúmum tveimur árum kom Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju, að máli við mig, og bar fram þá ósk fyrir hönd Listvinafélags kirkjunnar að ég semdi tónverk, trúarlegs eðlis, til flutnings á Kirkjulistahátíð sem haldin yrði í Hallgrímskirkju vorið 2019. Við Hörður tókum þá ákvörðun að latína skyldi verða tungumálið sem notað yrði í þessu tónverki. Ég hafði frjálsar hendur hvað snerti val á textum og hið skáldlega innihald verksins. Einnig var ákveðið að fjórir einsöngvarar kæmu við sögu, og að báðir kórar kirkjunnar yrðu notaðir, svo og Klais-orgelið stórfenglega, og kammerhljómsveit þar að auki. Eftir töluverða leit að viðeigandi textum valdi ég loksins nokkra forna latneska texta og tilvitnanir úr Jóhannesarguðspjalli sem nokkurs konar söguþráð fyrir Mysteryum. Pennan titil á verkið valdi ég fljótlega eftir að hafa valið textana, þar sem segir í stórum dráttum frá þeim dularfullu og yfirnáttúrulegu atburðum sem áttu sér stað eftir krossfestingu og dauða Krists.

Fyrstu orðin sem heyra í Mysteryum eru upphafsorðin í Jóhannesarguðspjalli: „Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð.“ Ég hugsaði mér að þessi orð hljómuðu í flutningi líkt og þau kæmu til okkar langt að, eins og borin af andblæ sem bærir til okkar aftan úr grárri forneskju.

Þessi margræða og dularfulla setning er endurtekin víða í verkinu sem eins konar þrástef, og smátt og smátt tekur Verbum, eða Orðið, á sig aukna merkingu. Verbum er að endingu hrópað sameiginlega af báðum kórnum í lok verksins í hálfgerðri örvæntingu, eins og krafist sé skýringa frá æðri máttarvöldum.

Boðin um væntanlegan dag reiðinnar, Dies irae, heyra einnig snemma í verkinu, en þeim atburði eru gerð skil nærri niðurlagi verksins, og þá eingöngu af hljómsveitinni í stuttum en dramatískum þætti þar sem djúpur friður fylgir í kjölfarið. Síðustu orðin sem sungin eru af báðum kórnum eru lux aeterna — eilíft ljós. Mysteryum lýkur þar sem einsöngvararnir fjórir syngja þessi sömu orð ofur veikt, og tónverkið hverfur síðan inn í það tóm, þaðan sem það kom upphaflega.

II
Eins og áður segir byggist hinn eiginlegi söguþráður í Mysteryum á tilvitnunum í Jóhannesarguðspjall, þar sem sagt er frá hinum dularfullu atburðum sem áttu sér stað eftir dauða Krists. Hin fornu latnesku ljóð sem ég hef valið eru hins vegar skáldskapur sem auðveldlega má tengja þeim atburðum og hugarástandi sem vaknar hjá þeim sem lesa um þá eins og greint er frá þeim í Jóhannesarguðspjalli. Ljóðin gefa þar fyrir utan tækifæri til sköpunar á fjölbreytni í tónmáli og til upphafningar tilfinninga sem tengjast atburðarásinni.

Fyrir utan þau sterku áhrif sem textinn hafði á sköpun tónverksins og endanlegt form þess er rétt að benda á áhrif þeirrar stílfegurðar og hreinleika sem einkennir Hallgrímskirkju hið innra, svo og á hinn ofur næma hljómburð, sem ósjálfrátt kallar á stílhreina og vel mótaða tónlist sem nýtur sín í þessu umhverfi. Veldur hver á heldur hvað það snertir.

Það er sérstaklega vert að nefna tónlistina sem ég hef samið fyrir einsöngvarana, sem er í eðli sínu frekar formleg, líkt og um ritúal í helgileik sé að ræða. Sérhverjum söngvara eru gefin einsöngsatriði víða í verkinu, en í vissum atriðum syngja þeir saman sem kvartett og í nokkrum tilfellum sem hluti af kórnum báðum.

Heilt yfir hef ég fylgt þeirri reglu að tengja nótu við hvert atkvæði í textanum, en undanþágur frá þessari reglu eiga sér stað þegar þörf krefur. Hinum margþætta söguþræði er skipt á milli einsöngvara og kóra, en kórarnir syngja oft hvor í sínu lagi, en sameinast einnig iðulega, bæði í dramatískum og ljóðrænum atriðum.

Hlutverk hljómsveitarinnar er margþætt. Henni er ekki aðeins ætlað að tengja saman þann fjölda eininga sem tónverkið byggist á, heldur líka að skapa verkinu umgjörð og gefa því hljómrænan heildarsvip. Þar fyrir utan er henni falið að skapa stemningsríkar sviðsetningar eftir því hvert skáldlegt innihald textans er hverju sinni.

Oftast er hljómsveitinni falið það hlutverk að hlúa að og leika undir ákveðnum söngatriðum, en þess á milli tekur hljómsveitin völdin og skapar ein og sér margvíslegar stemningar, bæði ljóðrænar og dramatískar, sem eiga rætur sínar hverju sinni í túlkun minni á textanum í tónum. Tónmálið er yfirhöfuð ómblítt og bjart, en þegar við á bregður fyrir skuggum, misdjúpum, og verður tónmálið þá í senn bæði alvarlegt og ómstrítt.

Mysteryum tekur um 45–50 mínútur í flutningi.

UM LATÍNUKVEÐSKAP Í MYSTERIUM EFTIR HAFLIÐA HALLGRÍMSSON

Í verk sitt *Mysterium* hefur Hafliði Hallgrímsson valið latínutexta úr tveimur höfuðáttum; annars vegar eru það hlutar úr Jóhannesarguðspjalli og hins vegar eru það átta kvæðisbrot á latínu eftir sjö skáld sem rúmar átta aldir skilja að innbyrðis. Biblíutextanum úr Jóhannesarguðspjalli má síðan skipta í tvennt; í fyrsta lagi eru það hin viðfrægu upphafsorð guðspjallsins („Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð“), sem notuð eru sem þrástef eða síklifun alls staðar í tónverkinu með reglulegu millibili, og í öðru lagi er það frásögn Jóhannesarguðspjalls af upprisunni. Af titli verksins og textavali er ljóst að verkið er um leyndardóm orðsins, og okkur grunar að sá leyndardómur orðsins sé undur upprisunnar — sigur ljóssins yfir myrkrinu og lífsins yfir dauðanum, páskaboðskapurinn sjálfur.

Alls staðar í verkinu eru biblíutextar og latínukvæði í samhljómi þar sem latínukvæðin spegla biblíuversin. Það er ekki ólíkt fyrirkomulag og til dæmis Johann Sebastian Bach viðhafði í óratóríum sínum og passíum, þar sem þýskir sálmar inni á milli vörpuðu ljósi á atburði biblíufrásagnarinnar. Hafliði hefur valið latínukvæði eftir sjö skáld í verk sitt, tvö úr síðfornöld og fimm frá miðöldum.

Í fyrsta latínukvæðinu erum við stödd á dómsdegi þegar Kristur snýr aftur í dýrð og dæmir lifendur og dauða, daginn áður en líf hinnar komandi aldar hefst, sem varð mögulegt með upprisu Krists. Í kvæðinu er dómsdegi lýst, sem er afleiðing upprisunnar, enda þótt ægilegur sé. Kvæðið er eftir heilagan Kólumkilla (521–597), sem var írskur ábóti og trúboði, og minnir mjög á *Dies irae*-kvæðið fræga sem reyndar var samið mörgum öldum síðar.

Næst er í söngtextanum kveikt ljós sem skín í myrkri, eins og til að draga fram sjálfa vonina, og því síðan lýst þegar lík Jesú var búið til greftrunar. Latínukvæðið sem fylgir er fögur og einföld mynd eftir rómverska skáldið Prudentius (348–um 405), sem biður jörðina að fara mildum höndum um lík göfugs manns. Prudentius var háttsettur embættismaður keisarans á Spáni, en gerðist síðar kristinn meinlætamaður.

Þá verður skyndilega sólarupprás lífsins í verkinu. Hún er í broti úr glæsikvæði eftir Sedúlius írski (blómstraði um 850), en sá var munkur sem flúði Írland undan ágangi víkinga til Liège og líklega síðar til Milanó. Kvæðið er litrík og ástúðleg lýsing á sköpunarverkinu að morgni páskadags, sem skáldinu þykir bera upprisunni og sigri lífsins fagurt vitni. Býflugur, fuglar og næturgalar una glaðir við sitt, og það er eins og öll kristnin syngi sigursöng! Sedúlius írski komst í útleð sinni í kynni við Tadó nokkurn, erkibiskup af Milanó, og helgar honum ljóðið í kvæðislok.

Að loknum sigursöng lífsins og Verbum-kafla er okkur kippt inn í hinn bitra veruleika Maríu Magdalenu þegar hún kemur að gröfnni. Latínukvæðið sem fylgir orti Ráðboði af Trekt (um 850–917), biskup í Utrecht á Niðurlöndum, og vildi hafa sem grafskrift sína. Þar lýsir biskup sér sem langsoltnum beiningamanni á flækingi sem aðeins Kristur geti mettað, og speglar tilfinningar Maríu Magdalenu vel.

Næst fylgir samtal Maríu Magdalenu við englana í gröfnni. Þegar María segist gráta vegna þess að hún finni hvergi Krist velur Hafliði Hallgrímsson að sungið verði harmljóð eftir Pétur Abelard (1079–1142). Abelard var nafntogaður heimspekingur og lærdómsmaður, en ekki síður frægur fyrir ástarsamband sitt við Héloïse, sem síðar varð nunna og abbadís. Kvæði Abelards er harmljóð sem hann setur í munn Davíð konungi þegar hann harmar fall Sáls, erkióvinnar síns, og Jónatans, ástvinar síns. Þetta er falleg mynd af uppgjöf og sorg og rímar vel við hugarástand Maríu Magdalenu þar sem hún stendur við tóma gröfina.

Í næstu biblíuversum verða hvörf, því að Jesús stendur skyndilega hjá Maríu Magdalenu og sorg hennar umbreytist í gleði. Því næst boðar Jesús himnaför sína. Latínukvæðið sem fylgir þessum kafla er áhugavert því að það hefur enga sérstaka trúartengingu, heldur er skáldleg og nánast kankvís náttúrulýsing. Það er eftir rómverska skáldið Ásónius (um 310–um 395), sem var heimiliskennari keisarans og ferðaðist síðan víða um Rómaveldi sem embættismaður og landstjóri. Í kvæði sínu lýsir Ásónius fögru sumarkvöldi við Mósél-ána, kannski í Þýskalandi, skuggunum sem lengjast og öllu sem speglast í árfletinum. Lýsingin minnir á paradís, og mögulega á líf hinnar komandi aldar sem lærisveinarnir og kristnir menn eiga í vændum í kjölfar upprisunnar.

Þessu næst boðar Jesús lærisveinum sínum frið og biður þá að meðtaka heilagan anda. Latínukvæðið í kjölfar þess er annað kvæði eftir skáldið Prudentius og miðlar hvíld og hugarhægð þess sem hefur teygð í botn bikar gleymskunnar. Frelsarinn er risinn upp frá dauðum og því eðlilegt að ólgandi hugur þeirra stillist þegar friður guðs, sem æðri er öllum skilningi, kemur yfir þá.

Lokahluti verksins hefst á kvæðishluta eftir Hrafn Mára af Meginsborg (um 780–856), sem var lærdómsmaður, munkur og síðar erkibiskup af Mainz og er kenndur við þá borg. Kvæðið orti Hrafn Mári til Egils, vinnar síns, sem hafði skrifað bók. Hrafn Mári velur að hugleiða guðfræðilega merkingu bókstafa og ritmáls, því að bókstafir hrindi á brott dauðanum og blási nýju lífi í það sem var. Þannig endurspeglir sjálft ritmálið hinn eldlega fingur guðs, sem ritaði boðorðin tíu á steintöflur forðum. Hér er vísað á tignarlegan hátt í gamla testamentið og í þann leyndardóm sem Orðið er.

Við lok verksins er snúið aftur til upphafs þess, til texta Jóhannesarguðspjalls um Orðið og ljósið — og um vonina: „myrkrinu myrkrinu ljósið í myrkrinu skín skín ljósið skín í myrkrinu“. *Mysterium* lýkur síðan á ljósinu eilífa úr hinni kaþólsku sálumessu, ljósinu sem lýsir mönnum handan þessa heims.

Atli Freyr Steinþórsson

1	in principio erat Verbum et Verbum erat apud Deum et Deus erat Verbum IOHANNES 1.1	Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1
2	<i>Dies irae</i> Regis regum rectissimi prope est dies domini, dies irae et vindictae, tenebrarum et nebulae, diesque mirabilium tonitruorum fortium, dies quoque angustiae, maeroris ac tristitiae. SANCTUS COLUMBA HIENSIS	<i>Dagur reiði</i> Dagur drottins er nærri, hins réttlátasta konungs allra konunga, dagur reiði og hefndar, myrkurs og skugga, dagur þegar stórfenglegar ógnarþrumur gnýja, dagur skelfingar, hryggðar og sorgar. HEILAGUR KÖLUMKILLI
3	et lux in tenebris lucet et tenebrae eam non comprehenderunt IOHANNES 1.5	Ljósið skín í myrkrinu og myrkrið tók ekki á móti því. JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.5
4	acceperunt ergo corpus Iesu et ligaverunt eum linteis cum aromatibus sicut mos Iudaeis est sepelire IOHANNES 19.40	Þeir tóku nú líkama Jesú og sveipuðu hann línblæjum með ilmjurtunum eins og Gyðingar búa lík til greftrunar. JÓHANNESARGUÐSPJALL 19.40
5	<i>Hymnus circa Exsequias Defuncti</i> Nunc suscipe, terra, fovendum, gremioque hunc concipe molli. hominis tibi membra sequestro, generosa et fragmina credo. AURELIUS PRUDENTIUS CLEMENS	<i>Hymni við útför látins manns</i> Tak hann nú, jörð, í blíða umsjá þína, taktu á móti honum í mjúkt skaut þitt. Ég fel þér limi manns, lík hans tel ég göfugt. PRÚDENTIUS
6	in principio erat Verbum; Verbum IOHANNES 1.1	Í upphafi var Orðið; Orðið JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1

7	<i>Carmen Paschale</i> Surrexit Christus sol verus vespere noctis, surgit et hinc domini mystica messis agri. nunc vaga puniceis apium plebs laeta labore floribus instrepitans poblite mella legit. nunc variae volucres permulcent aethera cantu, temperat et pernox nunc philomela melos. nunc chorus ecclesiae cantat per cantica Sion, alleluia suis centuplicatque tonis. Tado, pater patriae, caelestis gaudia paschae percipias meritis limina lucis: ave. SEDULIUS SCOTTUS	
8	in principio erat Verbum et Verbum erat apud Deum et Deus erat Verbum IOHANNES 1.1	
9	una autem sabbati Maria Magdalene venit mane cum adhuc tenebrae essent ad monumentum et videt lapidem sublatum a monumento IOHANNES 20.1	
10	<i>Epitaphium meum</i> aesuries te, Christe deus, sitis atque videndi iam modo carnales me vetat esse dapes. da modo te vesci, te potum haurire salutis; unicus ignote tu cybus esto vie. et quem longa fames errantem ambesit in orbe, nunc satia vultu, patris imago, tuo. RADBODUS TRAIECTENSIS	
11	et vidit duos angelos in albis sedentes unum ad caput et unum ad pedes ubi positum fuerat corpus Iesu IOHANNES 20.12	
12	in principio erat Verbum; erat Verbum IOHANNES 1.1	
13	dicunt ei illi mulier quid ploras dicit eis quia tulerunt Dominum meum et nescio ubi posuerunt eum IOHANNES 20.13	

<i>Páskakvæði</i> Kristur, hin sanna sól, reis upp úr myrkri næturinnar, og því rís einnig hin leyndardómsfulla uppskera af akri Drottins. Glöð býflugnaþjóð ráfar nú um meðal skarlatsrauðra blóma, hún suðar við vinnuna og safnar hunangi með litlum fótum. Fuglafjöld kætir nú himinhvolfin með söng, og næturgalinn kveður ljóð sitt nóttina á enda. Kór kirkjunnar, gjörvöll kristnin, syngur nú söngva Sionar og þrumar hundraðfalt hallelúja með raust sinni. Tadó, landsfaðir, megir þú, fyrir sakir verðleika þinna, öðlast fögnuð himneskra páska, sem eru hlið ljóssins. Heill þér! SEDÚLÍUS ÍRSKI	Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1
Fyrsta dag vikunnar kemur María Magdalena til grafarinnar svo snemma að enn var myrkur og sér steininn tekinn frá gröfnni. JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.1	
<i>Grafskrift mín</i> Mig hungrar og þyrstir í að líta þig, Kristur Guð, svo að það bannar mér að neyta holdlegrar fæðu. Gefðu að ég megi innbyrða þig, bergja á þér, ó veig hjálpræðis! Megir þú einn verða fæða mín á ókunnum vegum, og gjörðu mettan með ásjónu þinni, þú eftirmynd föðurins, þann sem flækist um þennan heim og sárt hungur tærir. RÁÐBOÐI AF TREKT	
og sá tvo engla í hvítum klæðum sitja þar sem líkami Jesú hafði legið, annan til höfða og hinn til fóta. JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.12	
Í upphafi var Orðið; var Orðið JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1	
Þeir segja við hana: „Kona, hvi grætur þú?“ Hún svaraði: „Þeir hafa tekið brott Drottin minn og ég veit ekki hvar þeir hafa lagt hann.“ JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.13	

14	Planctus David super Saul et Ionatha Do quietem fidibus: vellem, ut et planctibus sic possem et fletibus: laesis pulsu manibus, raucis planctu vocibus deficit et spiritus. PETRUS ABAELARDUS	Harmljóð Davíðs konungs um Sál og Jónatan Ég gef strengjum mínum hvíld. Ég vildi að ég gæti bæði gefið harmagráti mínum og tárum slíka hvíld. Hendur mínar eru sárar af strengjaslætti, ég syng rámri röddu af harmsöng, og andi minn bugast einnig. PÉTUR ABELARD	22	Hymnus ante somnum mens aestuans procellis curisque sauciata totis bibit medullis obliviale poclum. AURELIUS PRUDENTIUS CLEMENS	Hymni fyrir svefninn Hugur, er ólgar sem í stormi, og áhyggjur hafa rist til blóðs, hann teygir í botn bikar gleymskunnar. PRÚDENTÍUS
15	haec cum dixisset conversa est retrorsum et videt lesum stantem et non sciebat quia Iesus est IOHANNES 20.14	Að svo mæltu snýr hún sér við og sér Jesú standa þar. En hún vissi ekki að það var Jesús. JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.14 S	22	deinde dicit Thomae infer digitum tuum huc et vide manus meas et adfer manum tuam et mitte in latus meum et noli esse incredulus sed fidelis IOHANNES 20.27	Síðan segir hann við Tómas: „Kom hingað með fingur þinn og sjá hendur mínar og kom með hönd þína og legg í síðu mína og vertu ekki vantrúaður, vertu trúaður.“ JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.27
16	dicit ei Iesus noli me tangere nondum enim ascendi ad Patrem meum et lux in tenebris lucet vade autem ad fratres meos et dic eis ascendo ad Patrem meum et Patrem vestrum et Deum meum et Deum vestrum IOHANNES 20.17 ET 1.5	Jesús segir við hana: „Snertu mig ekki. Ég er ekki enn stigin upp til föður míns. ljósið skín í myrkrinu En farðu til bræðra minna og seg þeim: Ég stíg upp til föður míns og föður ykkar, til Guðs míns og Guðs ykkar.” JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.17 OG 1.5	23	Ad Eigilum de libro quem scripserat grammata nempe dei digitus sulcabat in apta rupe, suo legem cum dederat populo. sunt, fuerant, mundo venient quae forte futura, grammata haec monstrant famine cuncta suo. HRABANUS MAURUS MAGNENTIUS	Til Egils, um bókina sem hann hafði skrifað Sannarlega risti fingur Guðs bókstafi í gljúpan klett er hann gaf lýð sínum lögmálið. Það sem er, það sem hefur verið og það sem gæti komið fram í heimi, það allt sýna bókstafirnir með orði sínu. HRAFN MÁRI AF MEGINSBORG
17	et lux in tenebris lucet et lux in tenebris lucet IOHANNES 1.5	ljósið skín í myrkrinu ljósið skín í myrkrinu JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.5	24	in principio erat Verbum et Verbum erat apud Deum et Deus erat Verbum IOHANNES 1.1	Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1
18	Mosella Quis color ille vadis, seras cum propulit umbras Hesperus et viridi perfudit monte Mosellam! tota natant crispis iuga motibus et tremit absens pampinus et vitreis vindemia turget in undis. DECIMUS MAGNUS AUSONIUS	Mósel-áin Hvílík litbrigði sýna vötnin þegar kvöldstjarnan hefur leitt fram skugga sem fara fetið; hún hefur hellt fjöllumum grænu út í Mósel-ána! Allir tindar virðast fljóta á gjálfrandi báru, og vínviðarlauf bærast þar í en eru þó uppi á bakka. Í spegilsléttum öldum þrútna þrúgur. ÁSÓNÍUS	25	Verbum, Verbum, Verbum, Verbum IOHANNES 1.1	Orðið, Orðið, Orðið, Orðið JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1
19	venit Iesus et stetit in medio et dicit eis pax vobis IOHANNES 20.19	Þá kom Jesús, stóð mitt á meðal þeirra og sagði við þá: „Friður sé með yður!” JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.19	26	Verbum, Verbum, Verbum IOHANNES 1.1	Orðið, Orðið, Orðið JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.1
20	hoc cum dixisset insuflavit et dicit eis accipite Spiritum Sanctum IOHANNES 20.22	Og er hann hafði sagt þetta andaði hann á þá og sagði: „Meðtakið heilagan anda.” JÓHANNESARGUÐSPJALL 20.22	27	tenebris tenebris et lux in tenebris lucet lucet et lux in tenebris lucet IOHANNES 1.5	myrkrinu myrkrinu ljósið í myrkrinu skín skín ljósið skín í myrkrinu JÓHANNESARGUÐSPJALL 1.5
			28	lux aeterna lux aeterna lux aeterna DE MISSA PRO DEFUNCTIS	ljósið eilífa ljósið eilífa ljósið eilífa ÚR HINNI KAPÓLSKU SÁLUMESSU Atli Freyr Steinþórsson tók saman og þýddi kvæðin.

SUNNUDAGUR 2. JÚNÍ

11.00 Hátíðarmessa á sjómannadaginn.

Prestar eru Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Sönghópurinn Hljómeyki syngur undir stjórn Mörtu Guðrúnar Halldórsdóttur. Flutt verða orgelverkin Entrata festiva eftir Flor Peeters og Fantasía um Ísland, farsælda frón eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Sálmur Sigurbjörns Einarssonar, Nú legg ég þér í lófa, við lag Þóru Marteinsdóttur verður fluttur eftir prédikun og Nunc dimittis eftir Þorvald Örn Davíðsson verður sungið undir útdeilingu. Blásarakvartett: Baldvin Oddsson, trompet, Jóhann Nardeau, trompet, Oddur Björnsson, básúna og Sigurður Þorbergsson, básúna.

15.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Atli Freyr Steinþórsson ræðir við Hafliða Hallgrímsson tónskáld um verk hans, Mysterium.

17.00 Óratórían Mysterium. Endurteknir tónleikar frá laugardegi.

MYSTERIUM, OP. 53, NÝ ÓRATÓRÍA EFTIR HAFLIÐA HALLGRÍMSSON

Verkið er tileinkað Herði Áskelssyni og Listvinafélagi Hallgrímskirkju. Isabelle Demers konsertorganisti leikur tvo þætti úr L'Ascension eftir Olivier Messiaen í upphafi tónleikanna.

A mass of celebration on Seamen's Day featuring choir **Hljómeyki**, commemorating Iceland's seafarers.

Opening concert of the Festival of Sacred Arts. A new grand oratorio, Mysterium, by a doyen among contemporary Icelandic composers, Hafliði Hallgrímsson. The subject matter is the story of the resurrection of Christ as told by St John the Evangelist, interwoven with exquisite Latin poetry.



MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ

12.00 Myndlistarspjall í Ásmundarsal.

Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir ræða við Finnþoga Pétursson myndlistarmann um verk hans.

21.00 Útlendingurinn.

Verk í hljóðum, tali og tónum eftir Halldór Hauksson byggt á samnefndri skáldsögu eftir Albert Camus. Leikraddir: Guðjón Davíð Karlsson, Þróstur Leó Gunnarsson og Davíð Þór Jónsson.



A new and original retelling of Albert Camus' novel, **The Outsider**, delving into the meaning of faith, employing both the spoken word and music.



HALLDÓR HAUKSSON - UM ÚTLENDINGINN

Mamma dó í dag. Eða var það kannski í gær. Ég veit það ekki. Ég fékk skeyti frá elliheimilinu: „Móðir látin. Jarðarför á morgun. Virðingarfullt.“ Það segir mér ekki neitt. Kannski var það í gær.

Þannig hefst skáldsagan *Útlendingurinn* (*L'Étranger*) eftir franska rithöfundinn og heimspekinginn Albert Camus. Bókin var skrifuð 1939–40 og gefin út í Frakklandi árið 1942. Hún hefur æ síðan verið ein umtalaðasta og áhrifamesta bók tuttugustu aldar.

Útlendingur Camus er burðarásinn í samnefndu verki mínu á Kirkjulistahátíð. Í verkinu fléttast lesin og leikin brot úr skáldsögunni saman við samtöl og raddir úr íslenskum veruleika og tónlist sem verður til á staðnum. Eina kvöldstund verða hvelfingar Hallgrímskirkju vettvangur glímu guðlausrar söguhetju Camus og trúlauss nútímamanns við fátíðni og tilgangssleysi tilverunnar. Hvar á útlendingur heima? Hvar finnur hann samastað í staðlausri veröld?

Söguþráðurinn í *Útlendingnum* eftir Camus er einfaldur. Ungur skrifstofumaður í Algeirsborg, Meursault að nafni, missir móður sína og er viðstaddur útför hennar. Daginn eftir hefur hann ástarsamband við unga konu og flækist svo inn í illdeilur nágranna síns sem hefur reitt bróður ástkonu sinnar til reiði með svívirðilegri framkomu í hennar garð. Nágranninn býður Meursault í strandferð þar sem þeir rekast á bróður ástkonunnar. Til átaka kemur og Meursault skýtur manninn til bana. Hann er tekinn höndum, ákærður fyrir morð og dæmdur til dauða.

Meursault segir söguna sjálfur á einkennilega óhlutdrægan og ástríðulausan hátt. Við fyrstu kynni sýnist hann vera tilfinningakaldur og fráhrindandi. Dauði móður hans virðist hafa lítil áhrif á hann og hann fylgist aðgerðalaus með illri meðferð nágranna sinna á hundum og konum. Morðið sem hann fremur á ströndinni er fullkomlega tilgangslaut. Þegar rannsóknardómarinn spyr hann hvort hann iðrist ekki gjörða sinna neitar hann því, en bætir þó við að honum þyki það sem gerðist „á vissan hátt miður“. Í huga Meursaults er allt fánýtt nema hversdagslegar staðreyndir náttúru og líkama, hann lætur stjórnast af kenndum sínum og hvötum, en er um leið undarlega heiðarlegur og hreinskiptinn.

Sjálfur sagði Camus: „Ég dró efni *Útlendingins* eitt sinn saman með athugasemd sem ég viðurkenni að er afar þverstæðukennd: „Í samfélagi okkar á maður sem grætur ekki við útför móður sinnar það á hættu að vera dæmdur til dauða.“ Það sem ég vildi sagt hafa var að söguhetjan mín er fordæmd vegna þess að hún tekur ekki þátt í leiknum.“

Útlendingurinn kom fyrst út á íslensku árið 1961 í þýðingu Bjarna

Benediktssonar frá Hofteigi. Bókin var gefin út í nýrri íslenskri þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur árið 2008 og er notast við þá þýðingu í þessu verki.

Albert Camus fæddist 7. nóvember 1913 í bænum Mondovi (sem nú heitir Dréan) í Alsír. Faðir hans, verkamaður frá Alsace, lést tæpu ári síðar í orrustunni við Marne og Camus ólst upp hjá ólæsri spænskættaðri móður sinni við kröpp kjör í verkamannahverfi í Algeirsborg. Hann las mikið í æsku og stundaði íþróttir af kappi, sér í lagi sund og knattspyrnu. Hann þótti mjög efnilegur knattspyrnumarkvörður, en sautján ára gamall veiktist hann af berklum og varð að hætta íþróttaiðkun. Sjúkdómurinn háði honum allar gótur upp frá því.

Camus nam heimspeki við háskólann í Algeirsborg 1933–36 og fjallaði lokaritgerð hans um samband grískrar og kristinnar hugsunar í ritum Plótínusar og heilags Ágústínusar. Hann stofnaði leikhóp á vegum Kommúnistaflokks Alsírs og gerðist blaðamaður við vinstrisinnað dagblað. Árið 1940 hélt hann til Parísar og starfaði um tíma við dagblaðið Paris-Soir auk þess að vinna að *Útlendingnum*. Hann bauð sig fram til herþjónustu er Þjóðverjar nálguðust París, en fékk ekki inngöngu í herinn af heilsufarsástæðum. Camus fluttist þess í stað til Oran í Alsír þar sem hann lauk við *Útlendinginn*.

Er Camus sneri aftur til Parísar árið 1943 var hann þekktur maður eftir útgáfu *Útlendingins* og heimspekiritgerðarinnar *Goðsögnin um Sísýfos* (*Le mythe de Sisyphe*), en þessi verk eru eins konar systurrit er fjalla hvort á sinn hátt um fátíðni mannlegrar tilveru. Camus tók virkan þátt í frönsku andspyrnuhreyfingunni og skrifaði greinar í Combat, blað hreyfingarinnar. Hann kynntist Jean-Paul Sartre, Simone de Beauvoir, André Breton og öðrum vinstrisinnuðum frönskum menntamönnum. Eftir stríðið naut hann viðs vegar mikillar virðingar fyrir andspyrnustarf sitt og sem einn af forystumönnum frönsku tilvistarstefunnar (existensialismans) þótt hann hafi sjálfur andmælt þeirri skilgreiningu og aldrei viljað láta binda sig á klafa neinnar stefnu eða skóla.

Meðal verka Camus, auk áður nefndra rita, má nefna skáldsögurnar *Pláguna* (*La peste*, 1947) og *Fallið* (*La chute*, 1956), leikritin *Kalígúla* (1939) og *Hinir réttlátu* (*Les justes*, 1949), ritgerðina *Uppreisnarmaðurinn* (*L'homme révolté*, 1951) og smásagnasafnið *Útleigðin og konungsríkið* (*L'exil et le royaume*, 1957).

Albert Camus hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1957 fyrir að fjalla í verkum sínum „af skarpskyggni og heiðarleika um þau vandamál sem samvíska mannsins stendur frammi fyrir á okkar dögum“. Hann lést í bílslysi nálægt Sens í Frakklandi 4. janúar 1960, aðeins 46 ára gamall.

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ

12.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Alexandra Kjeld ræðir við Marinu Albero psalterium-leikara.

21.00 Mariúbænir frá Montserrat — „Peir vilja stundum syngja og dansa“.

Kammerhópurinn Umbra ásamt Marinu Albero psalterium-leikara og fleiri góðum gestum flytja katalónska og norræna Maríusöngva frá miðöldum.

EFNISSKRÁ

Alleluya — Ave benedicta Maria (Hallelúja — Heill þér, blessaða María) (AM 76 8vo, fol 2r)	Ad mortem festinamus (Göngum fagnandi mót dauðanum) (LV, fol 26v–27r)
Stella splendens (Ljómandi stjarna) (LV, fol 22v) ad trepidium rotundum	Polorum Regina (Drottning heimskautanna) (LV, fol 24v) A ball redon
Splendens ceptigera (Skinandi alvaldur) (LV, fol 23r) Caça de duobus vel tribus	Los set gotxs (Gleðiefnin sjö) (LV, fol 23v–24v) Ballada dels goytxs de Nostre Dona en vulgar cathallan a ball redon
Maria matrem Virginem (Lofum Maríu, móður og meyju) (LV, fol 25r)	Móðir guðs og meyjan skær (Virgo Dei genitrix) (Hólabókin 1619—Grallarinn)
Laudemus Virginem (Lofsöngur Maríu) (LV, fol 23r) Caça de duobus vel tribus	Imperayritz de la ciutat joyosa (Keisaraynjan í borg gleðinnar) (LV, fol 25v)
Ó Jesú sjálfs Guðs son (Lbs 496 8vo, fol 156v)	Cuncti simus concanentes (Syngjum saman) (LV, fol 24) A ball redon
O rosa in Iherico (Rósin í Jerikó) (AM 76 8vo, fol 30v)	
O Virgo splendens (Hin ljómandi mær) (LV, fol 21v–22r)	

UMBRA:

Alexandra Kjeld, kontrabassi og söngur
Arngerður María Árnadóttir, orgel, kelt-
nesk harpa og söngur
Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir, fiðla og
söngur,
Lilja Dögg Gunnarsdóttir, altsöngkona
og flauta

Gestir Umbru:

Marina Albero, psalterium
Eggert Pálsson, slagverk
Kristofer Rodriguez Svónuson, slagverk
Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló
Cantores Islandiae, sönghópur

Early music ensemble
Umbra explore the
music of the **Llibre
Vermell, the Red Book of
Montserrat, compiled at
the Catalan monastery in
the 14th century.**

UM EFNISSKRÁ UMBRU

Eitt þeirra handrita sem björguðust úr Montserrat-klaustrinu í Katalóníu eftir að hermenn Napóleons jöfnuðu það við jörðu árið 1811, og nær öll handrit bókasafnsins urðu eldi að bráð, er hin svokallaða Rauða bók eða Llibre Vermell. Handritið er frá 14. öld og inniheldur fjölbreytt efni, meðal annars tíu ólíka söngva, átta á latínu, einn á katalónsku og einn á oksítönsku. Handritið veitir okkur dýrmæta innsýn í bæði trúarlega og veraldlega tilveru pílagríma á 14. öld sem höfðu viðdvöl í klausturbænum Montserrat, en söngvarnir voru ætlaðir þeim til dægrastyttingar meðan á dvöl þeirra stóð.

Neðanmáls í handritinu segir á einum stað: „Við næturvökur í kirkju heilagrar Maríu í Montserrat lystir pílagríma stundum að syngja og dansa, og jafnvel á torginu um miðjan dag. Þar sem ekki hæfir að syngja þar annað en virðulega og helga söngva eru nokkrir ritaðir hér að ofan og neðan.“

Still laganna er nokkuð ólíkur en þau eru öll aðgengileg áheyrnar. Flest eru með alþýðlegum brag og taktföst, svo að næsta víst er að dansinn dunaði þegar þau voru flutt. Önnur eru með sálmalagi og mónófónísk, og gjarnan flutt í tveggja eða þriggja parta kanón. Það má leiða líkur að því að flutningsmáti söngvanna hafi verið afar fjölbreyttur. Líkt og algengt er með handrit miðalda er höfunda laganna hvergi getið.

Óumdeilt er að mikið af þeirri tónlist sem varðveist hefur í íslenskum miðaldahandritum eigi uppruna sinn að rekja suður til Evrópu. Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós að samtals voru þrettán klaustur stofnuð á fjórtán stöðum hér á landi frá 11. öld og fram á 15. öld, og urðu klaustrin ásamt biskupsstólunum umsvifamestu kirkjulegu stofnanirnar í landinu til siðaskipta (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017). Komið hefur í ljós að klaustur hér á landi, líkt og annars staðar í hinum kaþólska heimi, gegndu viðtækari samfélagsþjónustu en áður var talið, en þar var sjúkum og fátækum sinnt og þar var stundaður iðnaður og almannafræðsla.

Þorpssamfélag klausturbæjanna hefur líklega verið með svipuðu móti á Norðurlöndum og ef til vill er pappírshandritið AM 76 8vo

sprottið úr slíku samfélagi. Handritið er frá seinni hluta 15. aldar og hefur líklega gegnt hlutverki handbókar kennara í dönskum barnaskóla, sem hugsanlega tengdist Fransiskanareglunni (Britta Olrik Frederiksen, 2018). Í handritinu ægir saman ólíku efni á norrænni tungu og latínu, þar sem miðlað er almennum og heldur lélegum fróðleik hvers kyns, guðfræðilegum, tónlistarlegum, landfræðilegum og læknisfræðilegum. Nótur fylgja sumum ljóða sem þar eru, en flest eru þau til dýrðar jómfrúnni Maríu.

Athygli vekur að fundist hefur í þremur íslenskum handritum (Rask 98, AM 102 8vo og Lbs 496 8vo) tvísöngslag við sálminn Ó Jesú sjálfs Guðs son sem má telja afbrigði lagsins Laudemus Virginem úr Rauðu bókinni (Árni Heimir Ingólfsson, 2004). Handritin sem um ræðir eru um þremur öldum yngri en Rauða bókinn og menningaráhrif úr suðri eru áþreifanleg.

Hinn kaþólski kirkjusöngur leið að mestu undir lok við siðaskiptin og í hans stað kom kirkjusöngurinn lúterski, sem einnig er nefndur grallarasöngur. Fyrir tilstilli Guðbrands biskups Þorlákssonar kom út árið 1589 fyrsta sálmaþókin á íslensku með nótum, sem nefnd er Hólabókin, svo og Íslensk sálmasöngsbók, sem kölluð er Grallarinn. Þar er meðal annars að finna hinn aldagamlá latneska sálm Virgo Dei genitrix (Móðir guðs og meyjan skær). Þessi maríska antifóna hefur þannig þjónað kristinni alþýðu árhundruðum saman og borist frá meginlandi Evrópu til Íslands.

Umbra hefur undanfarin misseri unnið með þá lagboða og laglínur sem er að finna í Rauðu bókinni og eru allar útsetningar í höndum flytjenda á þessum tónleikum. Með efnisskrá tónleikanna er reynt að athuga hvernig klausturmenning hefur teygst sig yfir landamæri og tíma og hvernig raddir forfeðra okkar og formæðra eiga enn verðugt erindi í tónlistarmenningu samtímans.



MIÐVIKUDAGUR 5. JÚNÍ

20.00 Hátíðarhljómar Kirkjulistahátíðar — tveir trompetar og orgel.

Trompetleikararnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson ásamt David Cassan, konsertorganista frá Frakklandi, flytja tónlist eftir Charpentier, Vivaldi, Händel og fleiri.



EFNISSKRÁ

Marc-Antoine Charpentier (1643–1704)
Forspil úr Te Deum

Antonio Vivaldi (1678–1741)
Veturinn úr Árstíðunum*
Allegro non molto
Largo
Allegro

Antonio Vivaldi
Konsert fyrir tvo trompeta í C-dúr, RV 537
Allegro
Largo
Allegro

Johann Sebastian Bach (1685–1750)
Tríósónata nr.1 í Es-dúr, BWV 525*
[Allegro]
Adagio
Allegro

Petronio Franceschini (1651–1680)
Sónata fyrir tvo trompeta í D-dúr
Grave
Allegro
Adagio
Allegro

David Cassan (f. 1989)
Tokkata af fingrum fram í barokkstíl*

Francesco Manfredini (1684–1762)
Konsert fyrir tvo trompeta í D-dúr
Allegro
Largo
Allegro

Georg Friedrich Händel (1685–1759)
Úr Pieces for a Musical Clock*

Georg Friedrich Händel
Innreið drottningarinnar af Saba úr Salómon

*Einleikur á orgel

Two young Icelandic trumpet players and a renowned French organist regale the audience with baroque pomp and circumstance of the highest order.

UM HÁTÍÐARHLJÓMA

Tígulegra upphaf en að *Te Deum* eftir Marc-Antoine Charpentier er vart til. Hernaðarblærinn í því hristir menn og skekur og manar til átaka, enda samdi Charpentier verk sitt að líkindum til að fagna hernaðarsigri Frakka yfir Vilhjálmi af Óraníu árið 1692 í enn einni skærunni milli evrópskra stórvelda. Það er gaman að Samband evrópskra útvarpsstöðva, EBU, skuli hafa þetta að einkennisstefi sínu og útvarpa hvert ár á undan Eurovision-söngvakeppninni. Mörg hundruð milljónir manna tengja þetta stef því við gleði, glys og glaum og friðsamlega samvinnu Evrópumanna.

Það er ævinlega hollt að minnast þess að vetur er í nánd og því ekki verra að heyra vetrarstef úr Árstíðum Vivaldis í sumarbyrjun á Íslandi. Þetta er umritun fyrir orgel á einum af hinum frægu fiðlukonsertum rauða prestsins frá Feneyjum. Vivaldi lét sonnettur fylgja hverri árstíð, og í upphafi þeirra sem fylgdu vetrinum segir: „Við skjálfum af kulda á jökulkaldri ísbreiðu, og þolum nístandi vind.“ Annar þátturinn er hugljúfari, því að hann á að lýsa setu við arineld á vetrarkvöldi. Lokaþátturinn dregur upp mynd af fólki sem þokast hægt eftir ísilögðu vatni og óttast að svellið bresti.

Tveggja trompeta konsert Vivaldis sem siglir í kjölfarið er ákaflega hressandi tónsmíð þar sem trompetarnir kallast á og reyna með sér í hlaupum upp og niður, herma hvor eftir öðrum og virðast spyrja hvor annan í sifellu: Getur þú þetta líka?

Tríósónata Bachs sem við heyrum næst hefst á kankvísan hátt, eins og verið sé að segja dálítið hátíðlega gamansögu sem endi vel. Annar þáttur er hægur, ihugull og lítið eitt litaður af angurværri sorg. Síðasti þáttur er hraður og gæti minnt okkur á glaðlegan fuglasöng á vordegi.

Petronio Franceschini er nafn sem sést ekki oft í efnisskrám tónleika. Hann var mikilvirkur tónskáld, var í þjónustu kirkjunnar sem sellóleikari í hljómsveitum og sem tónskáld, og samdi fjórar eða fimm heilar óperur (heimildum ber ekki saman). Hann var í miðjum klíðum að semja óperu um gríska guðinn og ærslabelginn Díónýsos þegar hann dó úr lungnabólgu 29 ára gamall. Trompetkonsert Franceschinis er hið eina sem enn er leikið eftir hann.

Að loknum konserti Franceschinis mun organistinn á tónleikunum, David Cassan, snarstefja eins og eina tokkötu í barokkstíl, enda hefur Cassan sérstakt dálæti á orgelspuna.

Francesco Manfredini, fæddur í Toskana á Ítalíu og samtímamaður Bachs og Händels, er líka sjaldséður nú á dögum, en hann samdi skemmtilegan konsert fyrir tvo trompeta sem heldur nafni hans á lofti og við heyrum hér í dag.

Um miðbik 18. aldar varð það mjög vinsælt stöðutákn meðal aðalsmanna og auðkýfinga í Evrópu að eiga klukkur sem gátu spilað tónlist. Þessi tæki voru einhvers staðar á milli spiladósar og lírukassa, í raun réttir smáorgel skrúfað saman við úrverkið. Viðskiptamaðurinn Händel lét ekki segja sér það tvisvar að semja smáverk fyrir tónlistarklukkuna í ljósi þessa nýjasta æðis. Við heyrum nokkur klukkustef eftir hann á tónleikunum, enda eru þau samin fyrir smáorgel og til þess að gera auðvelt að spila þau á orgel.

Tónleikunum lýkur á hinna hátíðlegu innreið drottningarinnar af Saba úr óratóriú Händels, stefi sem er leikið fyrir henni þegar hún rennir í hlað í Jerúsalem hjá Salómoni konungi og þau taka að mæra hvort annað án afláts. Til er forn söfnuður gyðinga í Eþíópíu sem telur sig afkomanda sonar Salómons og Saba-drottningar. Engar sönnur hafa þó verið færðar á samdrátt þeirra, jafnvel þótt þeim hafi orðið vel til vina og inngöngumars hennar hafi verið jafnglæsilegur og Händel ber vitni.

Atli Freyr Steinþórsson



FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ

12.00 Orgel-matinée á Kirkjulistahátíð.

Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, leikur orgeltónlist hvítasunnunnar eftir Johann Sebastian Bach, Jón Ásgeirsson og Maurice Duruflé. Prestur er Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

EFNISSKRÁ

Johann Sebastian Bach (1685–1750)
Fantasia super Komm, Heiliger Geist, BWV 651
Komm, Heiliger Geist, BWV 652

Jón Ásgeirsson (f. 1928)
Leiftra þú sól, orgelforleikur

Maurice Duruflé (1902–1986)
Choral varié sur le theme du Veni Creator, op. 4

An organ recital with prayers and contemplative music, celebrating Pentecost.

BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON



HVÍTASUNNA: KOM, SKAPARI, HEILAGI ANDI!

Orgel-matinée er hluti af helgihaldi Hallgrímskirkju fyrsta laugardag í mánuði yfir vetrartímann. Um er að ræða stutta helgistund þar sem flutt er orgeltónlist sem tengist tíma kirkjuársins hverju sinni. Á þessu kirkjuári hef ég valið að flytja alla 18 sálmforleikina eftir Johann Sebastian Bach sem kenndir eru við Leipzig. Leipzig-sálmforleikirnir eru ásamt Orgelbüchlein, Schübler-sálmforleikjunum og þriðja hluta Klavierübung risastórt framlag til kirkjutónlistarinnar. Í þessum Leipzig-sálmforleikjum sýnir meistarinn snilli sína í mismunandi útfærslum sálmalagsins. Þó að sálmforleikirnir séu kenndir við Leipzig þá vann Bach að þeim stóran hluta starfsævi sinnar, í liðlega þrjátíu ár, til að ná sem mestri fullkomnun. Margir telja þessar tónsmíðar einn af hápunk-tunum í tónsköpun Bachs. Færð hafa verið rök fyrir því að síðasti sálmforleikurinn í flokknum, Vor deinen Thron tret ich hiermiet (Ég kem fram fyrir háseti þitt), hafi verið síðasta tónsmíð Bachs og dragi saman trúarafstöðu hans, mannsins sem ávallt undirritaði tónsmíðar sínar með latnesku orðunum Soli Deo Gloria — Guði einum til dýrðar!

Á tónleikunum í dag flyt ég fyrstu tvo sálmforleikina úr flokknum, báða yfir sálmalagið Komm, Heiliger Geist, en það er hvítasunnusálmur eftir Marteín Lúther sem byggður er á hymnanum forna Veni, Sancte Spiritus. Fyrri sálmforleikurinn er glæsileg tokkata þar sem sálmalagið heyrir í löngum nótnagildum í fótspilinu. Sá síðari er hægferðugur þar sem sálmalagið er mjög skreytt í sópranlegu. Í lokatöktunum bregður „andinn“ hins vegar á leik með fjörugum dansi!

Næst á efnisskránni er ómissandi sálmforleikur hér í Hallgrímskirkju á hvítasunnu yfir hið undur-fallega sálmalag Jóns Ásgeirssonar við sálm Sigurbjörns Einarssonar, Leiftra þú sól, þér heilsar hvítasunna.

Lokaverkið eru tilbrigði yfir hvítasunnusálminn Veni, Creator Spiritus eftir franska 20. aldar tónskáldið og organistann Maurice Duruflé. Arfur gregorssöngsins skipar stóran sess í tónsmíðum Duruflé og sótti hann oft í þann óþrjótandi brunn og fléttar við dulúðugt tónmál impressjónismans með hrifandi hætt

LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ

17.00 Aftansöngur með tónlist eftir Johann Sebastian Bach.

Flutt verður kantatan Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6, og orgelverkin Meine Seele erhebt den Herren, BWV 648, og Komm, Gott Schöpfer, Heiliger Geist, BWV 667. Prestur er sr. Kristján Valur Ingólfsson. Flytjendur: David Erler kontratenór, Benedikt Kristjánsson tenór, Oddur Arnþór Jónsson bassi, Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju. Orgelleikari er Björn Steinar Sólbergsson. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

17.50 Hvítasunnan hringd inn með klukkuspili Hallgrímskirkju.

18.00 Samhringing klukkna.



A chance to experience choral evensong, complete with a Bach cantata performed by a world-class baroque orchestra.



LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ

21.00 Tölvur, Klais og klukkuspil.

Umsjónarmaður er Guðmundur Vignir Karlsson.



EFNISSKRÁ

Ingi Garðar Erlendsson
Polykubb með rana

Gunnar Andreas Kristinsson
Uppstreymi

Ragnhildur Gísladóttir
Teljum upp að tíu, öndum djúpt

Sveinn Ingi Reynisson
Orgvélabrögð

Guðmundur Vignir Karlsson
Púls einn

Hlynur Aðils Vilmarsson
5275

Halldór Eldjárn
EFI

An electronic concert offering new ways to interlink the **Klais organ** of Hallgrímskirkja and the tower bells, using the very latest MIDI technology.

GUÐMUNDUR VIGNIR KARLSSON



UM EFNISKRÁNA



Klais-orgel Hallgrímskirkju er stærsta hljóðfæri landsins, hannað og smíðað af Klais-orgelverksmiðjunni í Þýskalandi og var vígt 13. desember 1992. Á það er spilað með fjórum hljómborðum auk fótspils. Hægt er að velja úr 72 röddum og í því eru 5.275 pípur. Það vegur um 25 tonn og lengstu pípurarn eru 10 metrar á lengd. Árið 2017 var þýskum orgelsmiðjum bætt á lista UNESCO um ómetanleg menningarverðmæti og menningararfleifð.

Hugsunin bak við radduppbyggingu í orgelum snýst öll um blöndun tóna líkt og lita. Líta má á hljóðfærið sem mekanískan hljóðgervil þar sem mismunandi raddblær næst fram með því að blanda saman mismunandi orgelpípugerðum.

Árið 2013 var Klais-orgel Hallgrímskirkju endurbætt og hreinsað og við það tækifæri var settur upp nýr stýribúnaður sem gaf möguleika á því að tölvustýra orgelinu fyrir tilverknað MIDI (*Musical Instrument Digital Interface*). Skyndilega jukust tónblæbrigðamöguleikar hljóðfærisins gríðarlega því að þegar takmarkanir á því hversu margar nótur eru spilaðar samtímis og hversu hratt þær eru spilaðar eru teknar í burtu opnast nýir heimar í orgelhljómi. Árið 2013 setti ég mig í samband við félagskapinn S.L.Á.T.U.R. (*Samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík*) og saman hófumst við handa við að kortleggja möguleikana og hefja tilraunamennsku.

Hinn 23. ágúst 2013 voru síðan fyrstu MIDI-orgeltónleikarnir haldnir. Þar voru frumflutt sex ný verk eftir jafnmarga höfunda og eitt þeirra hljómar hér í kvöld, verkið *Polykubb með rana* eftir Inga Garðar Erlendsson. Síðan þessir fyrstu tónleikar fóru fram hafa þó nokkrir viðburðir verið haldnir, meðal annars árið 2017 þegar meistaranemar í tónsmíðum við LHI og Liszt-akademiuna í Búdapest tóku höndum saman og héldu námskeið undir handleiðslu Áka Ásgeirssonar, Jespers Pedersens og Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar, sem lauk með tónleikum.

Um 25 verk hafa verið samin og flutt síðan árið 2013 og eru þau mikilvæg viðbót við íslenskan orgeltónverkaarf. Til stendur að skrásetja öll þessi verk til framtíðarvarðveislu.

Á tónleikum kvöldsins hljóma kirkjuklukkur Hallgrímskirkju í fyrsta skipti samtengdar orgelinu, en við Sveinn Ingi Reynisson tengdum stýringu klukkanna inn á orgelhljómborðin. Nú getur organisti eða tölva spilað á orgelið og kirkjuklukkurnar samtímis. Þær hljóma út úr hljóðkerfi kirkjunnar og út yfir Reykjavík. Í kvöld verður þessi nýja tengitaug formlega vígð þegar verkið *EFI* eftir Halldór Eldjárn verður frumflutt. Halldór mun síðan hafa umsjón með tónleikum síðar í mánuðinum þar sem hljóðútsendingin yfir í Ásmundarsal í gegnum verk Finnþoga Péturssonar verður nýtt til að brjóta upp tónleikaformið og unnið verður með eiginlega og óeiginlega nærveru og fjarveru flytjanda og áhorfenda.

Ég vil þakka S.L.Á.T.U.R.-félögum og Sveini Inga Reynissyni kærlega fyrir þeirra þátt í þessu ferðalagi. Einnig þakka ég auðsýnt traust frá kirkjunni og sér í lagi frá kantor Hallgrímskirkju, Herði Áskelssyni, fyrir að hafa þor til að leyfa viðlíka tilraunamennsku.


SUNNUDAGUR 9. JÚNÍ, HVÍTASUNNUDAGUR

11.00 Hátíðarguðspjónusta.

Flutt verður hvítasunnukantatan *O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe*, BWV 34, eftir Johann Sebastian Bach. Við upphaf athafnarinnar verður leikinn *Forleikur í D-dúr*, TWV 55:D18, eftir Georg Philipp Telemann. Í lokin verður leikin orgelprelúdía í *Es-dúr*, BWV 552/I, eftir Bach. Prestar eru sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og sr. Sigurður Árni Þórðarson. Flytjendur: Mótettukór Hallgrímskirkju, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju með barokktrompetum og pákum, David Erler kontratenór, Benedikt Kristjánsson tenór og Oddur Arnpór Jónsson bassi. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.



A service of celebration on Whit Sunday featuring a **Bach** cantata performed by a high-caliber baroque orchestra.



SUNNUDAGUR 9. JÚNÍ, HVÍTASUNNUDAGUR

20.00 Hátíðartónleikar með Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju — „Dansar gleði og alvöru“.

Flutt verður hátíðartónlist fyrir óbó, trompeta, pákur og strengi, meðal annars Hljómsveitarsvíta í h-moll eftir Johann Sebastian Bach. Einleikari er Georgia Browne flautuleikari. Konsertmeistari er Tuomo Suni.



EFNISSKRÁ

Georg Philipp Telemann (1681–1767)
Ouverture í D-dúr, TWV 55:D18

Johann Sebastian Bach (1685–1750)
Einleikari: Georgia Browne flauta
Svíta nr. 2 í h-moll, BWV 1067

- Ouverture
- Rondeau
- Sarabande
- Bourrée
- Polonaise
- Menuet
- Badinerie

Antonio Vivaldi (1678–1741)
Konsert í g-moll, RV 157
Allegro
Largo
Allegro

Georg Philipp Telemann
Svíta í D-dúr
(valið úr TWV 55:D12, TWV 55:D18, TWV55:D12 og TWV55:D4)
Ouverture
Menuet
Sarabande
Perpetuum mobile
Air Serieusement
Passacaille

A veritable smorgasbord of wonderful baroque music by luminaries Telemann, J.S. Bach and Vivaldi, including Bach's famous Orchestral Suite No. 2 in B minor, BWV 1067. Played on period instruments by **the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra**, which consists of first-rate musicians from around the world.

UM EFNISSKRÁNA

Fyrsta verkið á efnisskrá þessara tónleika er Forleikur í D-dúr eftir Georg Philipp Telemann. Forleikurinn byrjar eins og barokkforleikir í frönskum stíl eiga að hefjast, hægt og virðulega, eins og skrautklæddar persónur þokist hægt niður flúraðan stiga og krefjast athygli okkar. Áður en langt um líður er skrúðgöngu þeirra lokið (höldum við) og kapphlaup trompeta hefst sem hefur mjög ákveðna stefnu á mikinn fögnuð. En viti menn, trompetakapphlaupinu lýkur og við erum aftur stödd í skrúðgöngu skrautklæddu persónanna, en þá helga trompetarnir sér aftur sviðið og vilja koma á framfæri hinni fagnandi gleði sem lofað var, en á endanum eru það hinir skrautklæddu sem fá að ljúka prósessiunni.

Stundum liggja menn Telemann á hálsi fyrir sköpunargleðina en hann mun hafa samið liðlega 3.600 tónverk, sem gerir Telemann að einu afkastamesta tónskáldi mannkynssögunnar. Svo gríðarlegt var umfangið að menn eru enn þá að vinna úr flóðinu, rúmum 250 árum eftir lát hans. Telemann var ekki sérlega stirt um stef því að einu sinni mun hann hafa samið kantötu í fullri lengd á klukkutíma, jafnóðum og hirðskáld nokkurt orti upp úr sér og hripaði ljóðlínur sínar á blað. Að þessu voru vitni svo að þetta er engin flökkusaga.

Svo frægur var Telemann að borgaryfirvöld í Leipzig vildu engan frekar í embætti Tómasarkantors þegar Johann Kuhnau dó. Telemann sló úr og í, en fékk að lokum launahækkunina sem hann krafðist í Hamborg og hætti við allt saman. Þegar annar besti umsækjandinn hætti líka við og allt stefndi í öfni ákvað borgarstjórn í Leipzig, með semingi, að veita þriðja besta umsækjandanum embættið.

Sá þriðji besti umsækjandi hét Johann Sebastian Bach, og eftir hann er næsta verk, Hljómsveitarsvíta nr. 2 í h-moll, BWV 1067. Hljómsveitarsvítur Bachs eru fjórar talsins og byggðar á svítuformi sem var afar vinsælt á 17. og 18. öld. (Varðveittar eru 135 slíkar svítur eftir Telemann, hann samdi samt miklu fleiri sem glötuðust!) Slík svíta hófst á forleik í frönskum stíl sem áður er lýst; hægt og virðulegt upphaf, síðan fjörleg fúga og loks minnt á upphafsstefið á ný. Að því loknu fylgdu í röð nokkrir þættir í danstakti sem miðaðist við þá dansa sem vinsælastir voru meðal franskra aðalsmanna. Þarna þekkjum við sarabönduna, sem barst líklega vestan úr Ameríku til Spánar á 16. öld, við berum kennsl á pólonésuna, sem kennd

er við ættjörð sína Pólland, og þarna er líka menúettinn, hið franskasta af öllu frönsku.

Þótt þessi hljómsveitarsvíta hljómi alvarlega og formlega í nútímaeyrum okkar, þá leit Bach samt á hana sem skemmtitónlist. Hann hafði ekkert á móti skemmtitónlist, sem gaf stundum vel í aðra hönd, en hann flíkaði sjaldnast þeim verkum sínum sem hann flokkaði á þann hátt. Meðal annars þess vegna kom þessi svíta aldrei út á nótum meðan hann lifði.

Í svitunni er áberandi einleikspartur fyrir þverflautu (flûte traversière), sem á tíma Bachs var nýstárlegt hljóðfæri, því að áður höfðu menn haldið á flautu beint niður úr munninum, en á þverflautu héldu menn lárétt svo að vissi út á hlið. Í þeim skilningi er svítan nokkurs konar tilraunaverk. Frægasti þáttur hennar er sá síðasti, Badinerie, sem er franska og gæti merkt gamanlæti eða sprell, þótt tóntegundin, h-moll, miðli frekar upphöfnum alvarleika fremur en ærslum. Þessi mollkenndu ærsl birtast fremur í því hversu hratt og leikandi er spilað, enda er þessi þáttur ógrandi viðfangsefni fyrir hvaða flautuleikara sem er.

Bach tók oft mið af franskri tónsmíðahefð í verkum sínum, en hann var líka mjög hallur undir ítalska skólann, hinn fjörlega, léttu og káta, sem Bach lærði mikið af og nýtti sér á sinn hátt. Lærdóm sinn stundaði hann meðal annars með því að dunda sér við að umrita konserta eftir Antonio Vivaldi fyrir orgel, en Vivaldi á einn konsert á efnisskránni á þessum tónleikum, stutt verk fyrir strengjasveit sem hefst eins og tregróf en endar eins og mildilegur reiðilestur.

Tónleikunum lýkur síðan á verki sem sett er saman úr fjórum mismunandi svítum eftir Telemann, en þar eru hæg heimatökin að velja eitthvað úr þeim 135 svítum sem hafa varðveist eftir hann. Svo er aldrei að vita nema einhverjar af hinum 850 sem hafa glatast komi í leitirnar einn góðan veðurdag, sem yki úrvalið stórkostlega!

Atli Freyr Steinþórsson



MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ, ANNAR Í HVÍTASUNNU

11.00 Hátíðarmessa á annan í hvítasunnu.

Tónlistin í messunni verður með frönskum ilmi. Forspilið er Veni Creator, en taille à 5 eftir Nicolas de Grigny. Miskunnarbæn og Agnus Dei verða úr Messe basse eftir Gabriel Fauré. Þá verða flutt Ave verum eftir Francis Poulenc, In Festo Pentecostes – Communion úr L'Orgue Mystique eftir Charles Tournemire og Choral varié sur le theme du Veni Creator, op. 4, eftir Maurice Duruflé.

Prestar eru sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og sr. Sigurður Árni Þórðarson. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel. Kórin Graduale Nobili syngur. Stjórnandi er Þorvaldur Örn Davíðsson.

15.00 Tónleikaspjall í Ásmundarsal.

Kristján Valur Ingólfsson ræðir við Sigurð Sævarsson tónskáld um nýja kantötu hans, Veni, Sancte Spiritus.



A mass of celebration on Whit Monday featuring women's choir **Graduale Nobili**.



MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ, ANNAR Í HVÍTASUNNU

17.00 Lokatónleikar Kirkjulistahátíðar 2019 — „Eilífðareldur, uppspretta ástar“.

Fluttar verða hvítasunnukantöturnar Erschallet, ihr Lieder, BWV 172 og O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34, og páskakantatan Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6, eftir Johann Sebastian Bach, og sömuleiðis frumflutt Veni, Sancte Spiritus, hvítasunnukantata eftir Sigurð Sævarsson.

FLYTJENDUR:

Herdís Anna Jónasdóttir, sópran
Hildigunnur Einarsdóttir, alt
David Erler, kontratenór
Benedikt Kristjánsson, tenór
Oddur Arnþór Jónsson, bassi

Schola cantorum
Mótettukór Hallgrímskirkju*

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

EFNISSKRÁ

Johann Sebastian Bach (1685–1750)
Erschallet, ihr Lieder, BWV 172

Sigurður Sævarsson (f. 1963)
Veni, Sancte Spiritus (frumflutningur)

Hlé

Johann Sebastian Bach
Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6

Johann Sebastian Bach
O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34*

Closing concert of the Festival of Sacred Arts. Orchestral and choral fireworks in three of Bach's cantatas performed on period instruments, and the première of a new cantata, Veni, Sancte Spiritus, by Icelandic composer Sigurður Sævarsson.



UM KANTÖTUR BACHS

Erschallet, ihr Lieder, BWV 172, er ein fjögurra kantata fyrir hvítasunnudag sem eftir Bach liggja og var frumflutt 20. maí 1714 í hirðkapellunni í Weimar. Hún var þriðja kantatan sem Bach samdi eftir að hann var hækkaður í tign við Weimarhirðina og gerður að konsertmeistara, en þeirri stöðu fylgdi sú skylda að sjá hertoganum Wilhelm Ernst og hirð hans fyrir nýrri kantötu mánaðarlega til flutnings í morgunmessu.

Texti kantötunnar er af öllum stileinkennum að dæma saminn af nánum samstarfsmanni Bachs í Weimar, Salomon Franck, þótt hann sé ekki að finna í útgefnum verkum hans. Hvað formið áhrærir einkennist textinn af því að frjáls resitatív vantar og að ariurnar þrjár koma hver á fætur annarri. Innihaldið gefur píetismanum mjög undir fótinn með hástemmdum upphrópunum, vel útlátinni tilfinningasemi og persónugervingum. Franck sækir texta eina resitativsins í guðspjall hvítasunnudags og lokakóralinn í hinn þekkta sálm Philipps Nicolais frá 1599 um blikandi morgunstjörnuna blíðu.

Upphafskór kantötunnar kemur upp um áhuga Bachs á ítalska konsertinum (eftir Vivaldi o.fl.), sem hann uppgötvaði um þetta leyti. Hvellir trompetar og dúndrandi pákur gefa hátíðartóninn og snúa strax aftur í þriðja kaflanum. Bach gerði mjög sjaldan ráð fyrir þremur trompetum í arium, en hér eiga þeir vafalaust að vekja hugrenningar um hinn þríeina Guð, sem bassinn syngur um. Sameinuð rödd strengjanna í næstu ariu er falleg táknmynd af heilögum anda, þar sem hún bugðast mjúklega allt í kringum tenóreinsöngvarann. Heilagur andi er einnig í aðalhlutverki í fimmta kaflanum, sem er nokkurs konar andlegur ástardúett sóprans og alts í hlutverkum sálarinnar og andans. Andinn er líka til staðar í hljóðfæraleiknum því Bach tekst á undraverðan hátt að vefa ríkulega skreytta gerð af laginu við hvítasunnusálminn Komm, heiliger Geist, Herre Gott inn í dúettinn.

Höfundurinn hefur greinilega verið sáttur við þetta verk sitt, því hann dró það oft upp úr skúffunni síðar meir þegar leið að hvítasunnu, meðal annars í lok fyrsta starfsárs síns í Leipzig árið 1724. Við það tækifæri var upphafskórinn endurtekinn í lok verksins, eins og stundum var gert á stórhátíðum, og verður sá háttur hafður á hér.

Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6, var frumflutt í Leipzig á öðrum degi páska, 2. apríl 1725. Textahöfundur kantötunnar er óþekktur, en út frá formi og blæ textans má gera ráð fyrir að þar hafi verið á ferð sami höfundur og samdi texta við allmargar aðrar kantötur Bachs, og þykir vandlætingartónn á stundum bera skáldgáfu hans ofurliði. Viðfangsefni verksins er sótt í hina þekktu frásögn í 24. kafla Lúkasarguðspjalls af lærisveinunum tveimur á leið til Emmaus. Þeir mæta hinum upprisna Jesú á göngu sinni en þekkja hann ekki aftur. Þegar ókunni maðurinn hyggst skilja við þá segja þeir: „Vertu hjá okkur því að kvöldið tekur og degi hallar.“ Samkvæmt viðtekinni hefð yfirfærir textahöfundurinn þessa bón lærisveinanna á almenna lífsafstöðu hins trúaða: án Jesú, sem er ljós heimsins, gengur maðurinn í myrkri fjarri Guði.

Upphafskór kantötunnar er sérlega áhrifamikil tónsmíð og minnir um margt á hinn þekkta lokakór Jóhannesarpassíunnar (Ruht wohl), sem Bach samdi ári fyrr. Tjáningarríkt aðalstefið er kynnt af óbóunum áður en kórinn tekur við og syngur ofangreind orð úr guðspjallinu. Miðhluti kaflans er fúga við sama texta þar sem ákallið til Jesú um að „vera hjá okkur“ færist stöðugt á milli radda og hljóðfæra í löngum endurteknum nótum.



Í fyrri ariu kantötunnar flytja altsöngvarinn og veiðióboíð fagaðan lofsöng, en alvaran í bæninni til Jesú um að vera ljós á leið mannsins fer ekki fram hjá hlustandanum þegar sungið er um myrkrið sem skellur á. Sálmútsetningin sem fylgir í kjölfarið er þekktasti kafli verksins, enda einn af Schübler-sálmforleikjunum svokölluðu, sem Bach umritaði fyrir orgel upp úr kantötum sínum og lét prenta undir lok ævi sinnar. Sópraninn syngur hið einfalda sálmalag við tvö fyrstu versin úr sálminum Ach bleib bei uns, Herr Jesu Christ eftir Philipp Melankton og Nikolaus Selnecker (vers 2) á meðan violoncello piccolo (lítið selló, sem mögulega var leikið á eins og víólu) þeysist um tónsviðið í glæsilegum tónarunum.

Eina resitatív kantötunnar er einskonar örprédikun þar sem bassinn harmar ástand heimsins og klinkir út með tilvísun í Opinberunarbókina. Á eftir fylgir ariá sem er prýðilegt dæmi um tónmálun Bachs. Þegar tenórinn syngur „Jesú, lát oss horfa upp til þín“, sýnir Bach okkur að það er hinn krossfesti frelsari sem er ávarpaður með því að setja þessi orð við þunglamalegt stafi sem myndar kross á nótnapappírnum. Ljóminn frá orði Guðs er hinsvegar táknður með hröðum hlaupum. Kantötunni lýkur á einfaldri fjórraða útsetningu á 2. erindi sálmsins Erhalt uns, Herr, bei deinem Wort eftir Martin Luther.

O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34, er vel heppnað dæmi um hið algenga verklag barokktónskálda að endurnýta söngverk sín (eða annarra) með því að setja við þau nýjan texta. Bach notaði þetta verk, eða þrjá af köflum þess nánar tiltekið, bæði sem kantötu fyrir hvítasunnudag og sem brúðkaupskantötu. Lengi var talið að brúðkaupskantatan væri frumverkið og að hvítasunnukantatan hefði orðið til um 20 árum síðar, í kringum 1745, og væri því eitt af síðustu verkum Bachs. Fyrir fáeinum árum fannst hinsvegar í Þjóðarþókasafni Rússa í St. Pétursborg prentaður bæklingur sem innihélt texta þessarar kantötu auk þriggja annarra kantata eftir Bach sem fluttar voru á hvítasunnu og þrenningarhátíð árið 1727. Nú er því ljóst að kantatan sem hér verður flutt hljómaði fyrsta sinni í Nikulásarkirkjunni í Leipzig á hvítasunnudag, 1. júní 1727, undir stjórn Bachs, og einhver viðstaddra hefur fylgt framvindu verksins með hið nýfundna textarit í höndunum.

Þessi merki fundur svarar þó ekki endanlega spurningunni um það hvort tónlistin sem við heyrum kviknaði í huga Bachs sem túlkun á atburðum hvítasunnunnar eða sem ósk um blessun Guðs brúðhjónum til handa. Áhugaverðar nýjar rannsóknir á handritum verkanna, sem skrifuð voru af Bach með aðstoð nemenda hans, benda reyndar til þess að báðar kantöturnar hafi verið byggðar á eldra verki sem ekki hafi varðveist.

Form hvítasunnukantötunnar myndar samhverfu. Hjarta verksins er altaría, báðum megin við hana eru stutt resitatív og yst standa tveir glæsilegir kórkaflar, þar sem trompetar, pákur, óbó og strengir liðsinna söngvurunum við að magna upp hátíðarbraginn. Í upphafskórnum malar Bach himneska loga ástarelds heilags anda með hraðfleygum hendingum söngvaranna, en ekki síður nær stanslausu flökti 1. fiðlu. Allt er þó ekki á stöðugu iði því orðið „ewiges“ (eilífi) er túlkað með löngum nótum í einstökum röddum.

Altarian Wohl euch, ihr auserwählten Seelen einkennist af innilegri sátt og ró. Í fyrstu tveimur köflum kantötunnar er heilögum anda boðinn bústaður í hjörtum mannanna og nú syngur altinn um hamingju þeirra sálna sem andinn velur sér til samneytis. Arian er í upphöfnum hjarðstíl og skrifuð fyrir dempaða strengi og tvær flautur sem fylgja lengstum röddum fiðlanna, en áttund ofar. Lokakórinn hefst á áhrifamikilli tönsetningu á tilvitnun úr 128. sálmi: „Friður sé yfir Ísrael“, en síðan fylgir snarpur og fjögurur mars í tvískiptu formi, þar sem hvor hluti um sig hljómar tvisvar, fyrst með hljómsveitinni einni, svo með kór og hljómsveit í sameinuðum þakkaróði.

Halldór Hauksson

Bleib bei uns, denn es will Abend werden, BWV 6

1. Coro
Bleib bei uns, denn es will Abend werden, und der Tag hat sich geneiget.

2. Aria — alto
Hochgelobter Gottessohn,
Lass es dir nicht sein entgegen,
Dass wir itzt vor deinem Thron
Eine Bitte niederlegen:
Bleib, ach bleibe unser Licht,
Weil die Finsternis einbricht.

3. Choral — soprano
Ach bleib bei uns, Herr Jesu Christ,
Weil es nun Abend worden ist,
Dein göttlich Wort, das helle Licht,
Lass ja bei uns auslöschen nicht.
In dieser letzt’n betrübten Zeit
Verleih uns, Herr, Beständigkeit,
Dass wir dein Wort und Sakrament
Rein b’halten bis an unser End.

4. Recitativo — basso
Es hat die Dunkelheit
An vielen Orten überhand genommen.
Woher ist aber dieses kommen?
Bloß daher, weil sowohl die Kleinen als die Großen
Nicht in Gerechtigkeit
Vor dir, o Gott, gewandelt
Und wider ihre Christenpflicht gehandelt.
Drum hast du auch den Leuchter umgestoßen.

5. Aria — tenore
Jesu, lass uns auf dich sehen,
Dass wir nicht
Auf den Sündenwegen gehen.
Lass das Licht
Deines Worts uns helle scheinen
Und dich jederzeit treu meinen.

6. Choral
Beweis dein Macht, Herr Jesu Christ,
Der du Herr aller Herren bist;
Beschirm dein arme Christenheit,
Dass sie dich lob in Ewigkeit.

1. Kór
Vertu hjá okkur því að kvölda tekur og degi hallar.
LÚKASARGUÐSPJALL 24.29

2. Aría — alt
Vegsamaði Guðs sonur,
lát þér eigi mislíka
að við leggjum þessa bæn okkar
fyrir framan há sæti þitt:
Ver þú, já, ver þú ljós okkar
því að myrkrið skellur á.

3. Sálmur — sópran
Ó, Herra Jesús, hjá oss ver,
því heims á vegum dimma fer,
þitt orðaljósið lát oss hjá
með ljóma hreinum skinið fá.
Þótt ill sé tíð og öldin spillt,
lát oss, þinn lýð, ei fara villt,
en hjá oss æ þitt haldast orð
og helga skír og náðarborð.
MELANKTON, SELNECKER
HELGI HÁLFDÁNARSON

4. Tónles — bassi
Myrkrið hefur víða
náð yfirhöndinni.
Hvers vegna er svo komið?
Aðeins vegna þess að háir sem lágir
hafa ekki gengið í réttlæti
frammi fyrir þér, ó, Guð,
heldur vanrækt kristnar skyldur sínur.
Þess vegna hefur þú hrundið ljósastikunni úr stað.

5. Aría — tenór
Jesú, lát oss horfa upp til þín,
að vér ei
á syndavegum göngum.
Lát ljós þíns orðs
oss skærar skína
og vitna æ um veru þína.

6. Sálmur
Sýn þína makt, ó, Jesú Krist,
öllum herrum þú stjórnar víst
og þína kristni auma ver,
ævinlegt lof svo syngjum vér.
MARTIN LUTHER
ÚR SÁLMAÓKINNI 1589

O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34

1. Coro
O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe,
Entzünde die Herzen und weihe sie ein.
Lass himmlische Flammen durchdringen und wallen,
Wir wünschen, o Höchster, dein Tempel zu sein,
Ach, lass dir die Seelen im Glauben gefallen.

2. Recitativo — tenore
Herr, unsre Herzen halten dir
Dein Wort der Wahrheit für:
Du willst bei Menschen gerne sein,
Drum sei das Herze dein;
Herr, ziehe gnädig ein.
Ein solch erwähltes Heiligtum
Hat selbst den größten Ruhm.

3. Aria — alto
Wohl euch, ihr auserwählten Seelen,
Die Gott zur Wohnung ausersehn.
Wer kann ein größer Heil erwählen?
Wer kann des Segens Menge zählen?
Und dieses ist vom Herrn geschehn.

4. Recitativo — basso
Erwählt sich Gott die heiligen Hütten,
Die er mit Heil bewohnt,
So muss er auch den Segen auf sie schütten,
So wird der Sitz des Heiligtums belohnt.
Der Herr ruft über sein geweihtes Haus
Das Wort des Segens aus:

5. Coro
Friede über Israel!
Dankt den höchsten Wunderhänden,
Dankt, Gott hat an euch gedacht.
Ja, sein Segen wirkt mit Macht,
Friede über Israel,
Friede über euch zu senden.

1. Kór
Eilífðareldur, uppspretta ástar,
glæð eld í hjörtum vorum og helga þau.
Lát himneska loga brenna og ólga,
vér viljum verða musteri þitt, þú hinn æðsti,
ó, lát þér vel líka sálir sem trúa.

2. Tónles — tenór
Drottinn, hjörtu vor geyma með sér
orð sannleika þíns:
Þú vilt gjarnan búa með mönnum,
megi því hjörtu vor verða þín.
Drottinn, ver velkominn þar í náð.
Slíkur útvalinn helgidómur
er stórkostlegastur allra.

3. Aría — alt
Heill yður, útvöldu sálir,
sem Guð vill gera að bústað sínum.
Hver getur valið sér meiri gæfu?
Hver getur áttað sig á þeirri blessun?
Guð lét þetta verða.

4. Tónles — bassi
Þegar Guð velur sér hina heilögu bústaði
sem hann dvelur í með heillum,
þá eys hann blessun yfir þá,
slík eru laun helgidómsins.
Drottinn mælir orð blessunarinnar
yfir hús sitt, sem helgað hefur verið:

5. Kór
Friður sé yfir Ísrael!
Lofið undursamlegar hendur hins æðsta.
Þakkið fyrir að Guð hefur hugað að yður.
Já, blessun hans hefur mikinn mátt
til að veita Ísrael frið,
til að veita yður frið.

Atli Freyr Steinþórsson þýddi.

Erschallet, ihr Lieder, BWV 172

1. Coro
Erschallet, ihr Lieder, erklinget, ihr Saiten!
O seligste Zeiten!
Gott will sich die Seelen zu Tempeln bereiten.

2. Recitativo — basso
Wer mich liebet, der wird mein Wort halten, und mein Vater wird ihn lieben, und wir werden zu ihm kommen und Wohnung bei ihm machen.

3. Aria — basso
Heiligste Dreieinigkeit,
Großer Gott der Ehren,
Komm doch in der Gnadenzeit
Bei uns einzukehren,
Komm doch in die Herzenshütten,
Sind sie gleich gering und klein,
Komm und lass dich doch erbitten,
Komm und kehre bei uns ein!

4. Aria — tenore
O Seelenparadies,
Das Gottes Geist durchwehet,
Der bei der Schöpfung blies,
Der Geist, der nie vergehet.
Auf, auf, bereite dich,
Der Tröster nahet sich.

5. Aria — soprano (Seele), alto (Heiliger Geist)
Soprano
Komm, lass mich nicht länger warten,
Komm, du sanfter Himmelswind,
Wehe durch den Herzensgarten!

Alto
Ich erquickte dich, mein Kind.

1. Kór
Hljómið nú, söngvar, og klingið, þér strengir!
Ó, sælustu stundir!
Í sálunum gjörir Guð musteri sitt.

2. Tónles — bassi
Sá sem elskar mig, varðveitir mitt orð, og faðir minn mun elska hann. Til hans munum við koma og gjöra okkur bústað hjá honum.
JÓHANNESARGUÐSPJALL 14.23

3. Aría — bassi
Helgasta þrenning,
mikli Guð dýrðarinnar,
kom á náðarstund
og bú þér stað hjá oss.
Kom inn í bústað hjartans,
þótt aumur sé og smár.
Kom, svara hrópi voru,
gakk inn til vor.

4. Aría — tenór
Ó, sálnaparadís,
þar sem Guðs andi leikur um,
og blés við sköpun heims,
og aldrei hverfur burt.
Upp, upp, ver tilbúin,
huggarinn nálgast senn.

5. Aría — sópran (Sálin), alt (Heilagur andi)
Sópran
Kom, lát mig eigi bíða lengur,
kom, ljúfi himnagustur,
sem mildur blær í garði hjarta míns.

Alt
Barnið mitt, ég endurnæri þig.

Soprano
Liebste Liebe, die so süße,
Aller Wollust Überfluss,
Ich vergeh, wenn ich dich misse.

Alto
Nimm von mir den Gnadenkuss.

Soprano
Sei im Glauben mir willkommen,
Höchste Liebe, komm herein!
Du hast mir das Herz genommen.

Alto
Ich bin dein, und du bist mein!

6. Choral
Von Gott kömmt mir ein Freudenschein,
Wenn du mit deinen Äugelein
Mich freundlich tust anblicken.
O Herr Jesu, mein trautes Gut,
Dein Wort, dein Geist, dein Leib und Blut
Mich innerlich erquickten.
Nimm mich freundlich
In dein Arme, dass ich warme
werd von Gnaden:
Auf dein Wort komm ich geladen.

Chorus repetatur ab initio

Sópran
Kærust elska, ljúfust alls,
allrar sælu æðsta hnoss,
ég tapast sjálf, ef missi ég þín.

Alt
Meðtak koss náðar minnar.

Sópran
Ver í trúnni mér velkomin,
ástin mesta, kom til mín,
hjarta mitt tilheyrir þér.

Alt
Ég er þinn og þú ert mín.

6. Sálmur
Mér gleðiljós frá Guði skín,
ef guðlega náðaraugu þín
í miskunn mig á líta.
Þitt heilagt orð, þín árnan góð,
þíns anda gjöf, þitt hold og blóð
mér hryggð úr hjarta slíta.
Tak mig, tak mig
þína í varma ástararma,
að ég hljóti
hjúkrun þar og hvíldar njóti.

PHILIPP NICOLAI, HELGI HÁLFDÁNARSON

Upphafskór endurtekinn

Kristján Valur Ingólfsson þýddi.



SIGURÐUR SÆVARSSON

UM VENI, SANCTE SPIRITUS

Ég verð að viðurkenna að það er ögn stressandi að vera hér í dag með nýju kantötuna mína á meðal þessara merku verka Bachs. Tilfinningin er ekki ósvipuð því þegar ég fór í fyrsta sinn einn í sund hér forðum daga. Ég man nokkuð vel tilfinninguna þegar ég nálgadist Sundhöllina ögn stressaður og fann klórlyktina sem virtist umlykja húsið og heyrði skarkalann frá sundgestunum. Þá sagði ég

hughreystandi við sjálfan mig: Þetta verður örugglega bara gaman! Og hugsaði svo með mér: Vonandi reynir enginn að kaffæra mig ... En það rættist úr fyrstu sundferðinni. Ég hitti nokkra vini, þannig að þetta fór allt vel. Í dag er ég umkringdur vinum hér á sviðinu svo að ég veit að allt fer vel og ég þarf ekki að hafa áhyggjur.

Kantata Bachs, Erschallet, ihr Lieder, BWV 172, var frumflutt á hvítasunnudag árið 1714, svo að það eru 305 ár sem skilja að þessi tvö verk sem verða flutt fyrir hlé. Ólíkar eru þær, það skal ég viðurkenna, þó að báðar byggist kantöturnar á þeim hljólmfræðigrunni sem Bach sjálfur átti stærstan hlut í að festa í sessi. Enda er það ekki skrýtið að verkin hafi ólíkan hljóm ef við gefum okkur, eins og oft er sagt, að listin endurspegli tíðarandann hverju sinni. Margt hefur breyst á 305 árum. Ég leyfi mér til dæmis að fullyrða, þar sem við erum stödd í þessu fallega guðshúsi, að prestarnir boði orðið á annan hátt en árið 1714!

Eins ólík og þessi umræddu verk eru er samt gaman að segja frá því að Bach er einn mesti áhrifavaldurinn í tónsköpun minni. Að vísu eru það ekki tignarleg kórverk hans og óratórirur sem hafa hrifið mig mest, heldur eitt „litið“ píanóverk, Goldberg-tilbrigðin. Þegar ég hlustaði í fyrsta sinn á upphafskafla þess yndislega verks fannst mér eins og ég hefði fundið minn griðastað í tónlistinni, hér væri góður staður til að rækta minn tónlistargarð. Þessi látlausa en innilega tónsmíð hans opnaði fyrir mér nýjan heim. Það er eitthvað svo mannbætandi við þessa tónlist.

Þegar ég er beðinn um að segja eitthvað um tónlist mína og hver hugsunin er bak við hana lýsi ég því gjarnan þannig að ég sé að mála sviðsmynd fyrir orðin sem ég er að vinna með. Að mála stemninguna sem ég les úr textanum. Allt verður til af orðinu. Stíll nýju kantötunnar minnar er í beinu framhaldi af því sem ég hef verið að skapa undanfarin ár. Mest hef ég reyndar verið að vinna með kór án undirleiks, en það er gaman að fá tækifæri til að bæta við hljóðfærum svona annað slagið.

Stór hluti textans í verkinu er fenginn úr latneska sekvensinum Veni, Sancte Spiritus, sem stundum er nefndur „gullni sekvensinn“. Hann er frá miðöldum og hefur ýmist verið eignaður Innósentíusi III páfa eða Stephen Langton, erkebiskupi af Kantaraborg. Hinn hluti textans er fenginn úr biblíunni, aðallega úr Jóhannesarguðspjalli og Postulasögunni. Séra Kristján Valur Ingólfsson á mestan heiðurinn af samsetningu textans, því að hann hefur ofið saman þessa tvo texta á einkar fallegan og áhrifaríkan hátt. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir hans framlag. Einnig vil ég þakka þeim Atla Frey Steinþórssyni og Sigurjóni Halldórssyni fyrir þeirra hjálp. Loks þakka ég Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins sem styrkti verkið.

1. Effundam spiritum meum
Et erit post haec: effundam spiritum meum super omnem carnem.
IOEL 2.28

2. Veni, Sancte Spiritus
Veni, Sancte Spiritus,
et emitte caelitus
lucis tuae radium.
Veni, pater pauperum,
veni, dator munerum,
veni, lumen cordium.

3. Et ego rogabo Patrem
Et ego rogabo Patrem, et alium Paraclitum dabit vobis, ut maneat vobiscum in aeternum, Spiritum veritatis, quem mundus non potest accipere, quia non videt eum, nec scit eum. Vos autem cognoscetis eum: quia apud vos manebit, et in vobis erit.
IOHANNES 14.16–17

4. Consolator optime
Consolator optime,
dulcis hospes animae,
dulce refrigerium.
In labore requies,
in aestu temperies,
in fletu solatium.

5. Paraclitus autem Spiritus Sanctus
Paraclitus autem Spiritus Sanctus, quem mittet Pater in nomine meo, ille vos docebit omnia, et suggeret vobis omnia, quaecumque dixero vobis.
IOHANNES 14.26

6. O lux beatissima
O lux beatissima,
reple cordis intima
tuorum fidelium.

7. Dies Pentecostes
Et cum complerentur dies Pentecostes, erant omnes pariter in eodem loco: et factus est repente de caelo sonus, tamquam advenientis spiritus vehementis, et replevit totam domum ubi erant sedentes. Et apparuerunt illis disperitae linguae tamquam ignis, seditque supra singulos eorum: et repleti sunt omnes Spiritu Sancto, et coeperunt loqui variis linguis, prout Spiritus Sanctus dabat eloqui illis.
ACTUS APOSTOLORUM 2.1–4

8. Si quis diligit me
Si quis diligit me, sermonem meum servabit, et Pater meus diliget eum. Pacem relinquo vobis, pacem meam do vobis: non quomodo mundus dat, ego do vobis. Non turbetur cor vestrum, neque formidet.
IOHANNES 14.23 ET 14.27
Ecce ego vobiscum sum omnibus diebus, usque ad consummationem saeculi.
MATTHAEUS 28.20

9. Da tuis fidelibus
Da tuis fidelibus,
in te confidentibus,
sacrum septenarium.
Da virtutis meritum,
da salutis exitum,
da perenne gaudium.

Amen.

1. Ég mun úthella anda mínum
Ég mun síðar úthella anda mínum yfir alla menn.
JÓEL 3.1

2. Kom, heilagur andi
Kom, heilagur andi,
send frá himnum
geisla þíns ljóss.
Kom, faðir hinna fátæku,
kom, gjafari gjafanna,
kom, ljós hjartnanna.

3. Ég mun biðja föðurinn
Ég mun biðja föðurinn og hann mun gefa yður annan hjálpara sem verður hjá yður að eilífu, anda sannleikans. Heimurinn getur ekki tekið á móti honum því hann sér hann ekki né þekkir. Þér þekkið hann því hann er hjá yður og verður í yður.
JÓHANNESARGUÐSPJALL 14.16–17

4. Huggarinn besti
Huggarinn besti,
ljúfi gestur sálhanna,
himneska næring.
Rósemd í erlinum,
svölun í hitanum,
huggun í tárunum.

5. En hjálparinn, andinn heilagi
En hjálparinn, andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni mun kenna yður allt og minna yður á allt það sem ég hef sagt yður.
JÓHANNESARGUÐSPJALL 14.26

6. Ó, sæla ljós
Ó, sæla ljós,
uppfyll innstu hjartans rými
þinna trúuðu.

7. Hvítasunnudagur
Þá er upp var runninn hvítasunnudagur voru allir saman komnir á einum stað. Varð þá skyndilega gnýr af himni, eins og óveður væri að skella á, og fyllti allt húsið þar sem þeir voru. Þeim birtust tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settust á hvert og eitt þeirra. Allir fylltust heilögum anda og tóku að tala öðrum tungum, eins og andinn gaf þeim að mæla.
POSTULASAGAN 2.1–4

8. Sá sem elskar mig
Sá sem elskar mig varðveitir mitt orð og faðir minn mun elska hann. Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.
JÓHANNESARGUÐSPJALL 14.23 OG 14.27
Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.
MATTEUSARGUÐSPJALL 28.20

9. Gef þínum trúuðu
Gef þínum trúuðu
sem á þig vona
hina sjöföldu helgu gjöf.
Launa dyggðugt líferni,
gef sæla burtför af heiminum
og inngöngu til eilífrar gleði.

Amen.

Kristján Valur Ingólfsson þýddi kvæðin.



Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því að hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt margar helstu perlur kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Söng kóranna má heyra á mörgum hljómdiskum. Hörður hefur stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann og kórana hans. Má þar nefna *Páskaóratóríu* eftir Þorkel Sigurbjörnsson, *Jólaóratóríu* eftir John Speight, *Hallgrímsspassíu* og *Jólaóratóríu* eftir Sigurð Sævarsson, *Passíu* eftir Hafliða Hallgrímsson, óratóriuna *Cecilíu* eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson og *Fléttu* eftir Hauk Tómasson.

Hörður hefur stýrt fyrsta flutningi á Íslandi á nokkrum stórum óratóríum og kórverkum, einkanlega frá barokktímanum, og má þar nefna *Sál, Jósúa, Ísrael í Egyptalandi* og *Salómon* eftir Händel, *Requiem* eftir Campra og *Pál postula* eftir Mendelssohn. Hörður hefur æft báða kóra sína fyrir flutning fjölmargra verka með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði

í Háskólabíói og Hörpu. Þungamiðja í þeirri vinnu hefur verið flutningur og upptökur á nær öllum verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit, sem gefin hafa verið út á mörgum hljómdiskum hjá útgáfufyrirtækinu BIS í Svíþjóð. Á meðal helstu verka þeirrar útgáfu eru *Edda I*, *Edda II* (kemur út 2019), *Íslandskantata*, *Baldur* og *Hafis*.

Sem organisti hefur Hörður átt farsælan feril, haldið orgeltónleika víðs vegar, frumflutt tónverk margra íslenskra tónskálda og leikið inn á hljómdiska, bæði sem einleikari og meðleikari.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011.

Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002.



Finnbogi Pétursson

Finnbogi Pétursson hélt fyrstu myndlistarsýningu sína árið 1980 og er einn af fremstu myndlistarmönnum á Íslandi. Hann er þekktur fyrir verk þar sem saman koma hljóð, ljós, skúlptúr, arkitektúr og teikningar. Þar gegnir hljóð iðulega mikilvægu hlutverki þar sem það rennur saman við innsetningar og rýmisverk. Finnbogi kom fram á Feneyjativæringnum fyrir Íslands hönd árið 2001 með hinni tröllauknu hljóðinnsetningu sinni *Diabolus*. Meðal listasafna sem hýsa verk Finnboga má nefna T-B A21 í Vínarborg, Michael Krichman og Carmen Cuenca-safnið í Bandaríkjunum, Listasafnið í Malmö, Nordiska Akvarell-safnið í Svíþjóð og Listasafn Íslands. Verk hans er einnig að finna í höfuðstöðvum Landsvirkjunar, í Vatnsfellsvirkjun, Háskólanum í Reykjavík, á Landspítalanum og í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur.



Isabelle Demers

Isabelle Demers er Kanadamaður frá Québec. Hún lauk doktorsprófi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York og kennir orgelleik við Baylor-háskóla í Texas. Hún er meðal fremstu orgelleikara í Norður-Ameríku og hefur ferðast víða til tónleikahalds. Undanfarin misseri hefur hún til dæmis komið fram í Maison Symphonique í Montréal, í Elbphilharmonie-höllinni í Hamborg og í Westminster Abbey í Lundúnum. Gagnrýnendur hafa lofað leik hennar mjög og sagt hana hafa einstakan hæfileika til að láta orgelið syngja. Hún er sögð búa yfir afburðataekni og fádæma listfengi. Leik hennar má heyra á geislaplötum sem hlotið hafa góða dóma. Þar má nefna plötuna *The Old and the New* þar sem hún leikur verk eftir Johann Sebastian Bach, Sergei Prókófiev og Max Reger; plötu með verkum eftir kanadíska tónskáldið Rachel Laurin sem út kom árið 2011; plötu með kóralfantasíum Max Regers; og loks hljóðritun frá árinu 2018 þar sem hún leikur á orgel með Baylor-háskólakórnum í *Requiem* eftir Maurice Duruflé. Isabelle Demers kemur nú fram í fyrsta sinn á Íslandi.



Jóhann Nardeau

Jóhann Nardeau lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2006. Síðan þá hefur hann verið við nám og störf í París. Hann hlaut gullverðlaun á prófi í Conservatoire Nationale de Région de Rueil-Malmaison þar sem Eric Aubier var aðalkennari hans. Vorið 2013 lauk hann meistaraprófi frá Conservatoire national supérieur de musique et de danse de Paris með hæstu einkunn. Meistaraverkefni Jóhanns fólst í því að hljóðrita geislaplötuna *Söng Bóreasar* með fjórum verkum eftir norræn samtímatónskáld. Jóhann vann til verðlauna í alþjóðlegum trompetkeppnum í Búdapest árið 2009 og í Moskvu árið 2011. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2013 sem bjartasta vonin. Á Íslandi hefur Jóhann komið oftsinnis fram sem einleikari og flutt flest einleiksverk sem samin hafa verið fyrir trompet. Jóhann lék á Hátíðarhljómunum við áramót í Hallgrímskirkju með Baldvini Oddssyni í lok árs 2018. Jóhann Nardeau hefur starfað sem lausamaður í mörgum virtum hljómsveitum í París. Má þar nefna hljómsveit Parísaróperunnar, Fílharmoníuhljómsveit franska útvarpsins, Orchestre de Paris og Ensemble Intercontemporain. Jóhann gegndi um skeið stöðu fyrsta trompetleikara í Orchestre des Lauréats du Conservatoire. Undanfarin misseri hefur Jóhann starfað sem trompetkennari í Sèvres í næsta nágrenni við París.



Baldvin Oddsson

Baldvin Oddsson hóf trompetnám við Tónskóla Sigursveins fimm ára gamall og lauk þaðan framhalds- og burtfararprófi með tónleikum í Seltjarnarneskirkju tíu árum síðar. Baldvin hefur síðan verið við tónlistarnám í Bandaríkjunum, fyrst við Interlochen Arts Academy í Michigan, þá við San Francisco Conservatory of Music og loks veturlangt hjá trompeteinleikaranum Stephen Burns í Chicago. Baldvin lauk námi frá Manhattan School of Music árið 2016. Í Michigan fór hann með sigur af hólmi í einleikarakeppni skólans og lék í kjölfarið einleik með skólahljómsveitinni. Baldvin sigraði einnig í keppni ungra einleikara með Sinfóníuhljómsveit Íslands og lék einleik með hljómsveitinni, auk þess sem hann lék margoft með trompetdeild hljómsveitarinnar. Baldvin kom fram á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju árið 2013 ásamt kennara sínum, trompetvirtúósinum Stephen Burns. Þá lék hann á Hátíðarhlómum við áramót í Hallgrímskirkju í lok árs 2017 og 2018 og kom fram á Alþjóðlegu orgelsumri í kirkjunni árið 2018.



Björn Steinar Sólbergsson

Björn Steinar Sólbergsson er organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Hann er einnig skólastjóri við Tónskóla þjóðkirkjunnar þar sem hann kennir orgelleik. Áður starfaði hann sem organisti við Akureyrarkirkju í 20 ár og vann þar að uppbyggingu tónlistarstarfs við kirkjuna. Björn Steinar stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann á Akranesi og í Tónskóla þjóðkirkjunnar í Reykjavík. Meðal kennara hans þar voru Haukur Guðlaugsson og Friða Lárusdóttir. Framhaldsnám stundaði hann á Ítalíu hjá James Edward Goettsche og í Frakklandi við Conservatoire National de Région de Reuil-Malmaison hjá Susan Landale, en þaðan útskrifaðist hann með einleikarapróf í orgelleik (*Prix de virtuosité*) árið 1986. Björn Steinar hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammerhljómsveit Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og með hljómsveit Cleveland Institute of Music. Hann hefur hljóðritað fyrir útvarp og sjónvarp og leikið inn á geislaplötur, meðal annars öll orgelverk Páls Ísólfssonar. Björn Steinar hlaut Menningarverðlaun DV 1999, Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2001, var valinn bæjarlistamaður Akureyrar 2002 og þáði listamannalaun árin 1999 og 2015.



Hafliði Hallgrímsson

Hafliði Hallgrímsson lauk burtfararprófi í sellóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1962. Ári seinna sótti hann tíma hjá Enrico Mainardi í Rómaborg. Þá lauk Hafliði burtfararprófi frá Royal Academy of Music í Lundúnum árið 1967, þar sem hann vann til verðlauna. Hann var meðlimur í Sinfóníuhljómsveit Íslands veturinn 1963–1964 en kom fyrst fram sem einleikari með sveitinni árið 1966. Árið 1971 kom Hafliði fyrst fram á einleikstónleikum í Wigmore Hall í Lundúnum og hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda. Hafliði hóf snemma að leika í virtum kammerhópum og kammerhljómsveitum. Má þar nefna Haydn-strengjatríóíð, Monteverdi-hljómsveitina, Ensku kammersveitina, þar sem hann lék undir stjórn Daniels Barenboims, og Menuhin-hátíðarhljómsveitina, þar sem hann lék undir stjórn Yehudi Menuhins. Árið 1977 varð Hafliði fyrsti sellóleikari í Skosku kammersveitinni. Fimm árum síðar yfirgaf hann sveitina til að helga sig tónsmíðum. Hafliði stundaði nám í tónsmíðum hjá Elisabeth Lutyens, Alan Bush og Sir Peter Maxwell Davies. Tónsmíðar hans, rúmlega hundrað talsins, eru afar fjölbreyttar og hafa verið leiknar víða. Meðal stærstu verka Hafliða má nefna óratóriuna *Passíu*, sem Listvinafélag Hallgrímskirkju pantaði, og óperuna *Die Welt der Zwischenfälle*, sem leikhús í Lübeck og Vínarborg pöntuðu. Þá hefur Hafliði skrifað tónverk og einleikskonserta fyrir ýmsar sveitir og listamenn, til að mynda Skosku kammersveitina, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Jaime Laredo, Truls Mørk, Lars Anders Tomter og Evelyn Glennie. Hafliði hlaut fyrstu verðlaun í Viotti-tónsmíðakeppninni á Ítalíu, önnur verðlaun í Wieniawski-tónsmíðakeppninni í Póllandi, og árið 1986 voru Hafliða veitt Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir fiðlukonsertinn *Poemi*. Árið 2002 veittu bresk stjórnvöld honum Nesta-styrk til fjögurra ára. Hafliði hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra á Íslandi. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóriur, passíur og sálumessur en einnig kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur haldið tónleika erlendis og tekið þátt í kórakeppnum, nú síðast í Lettlandi haustið 2018. Árið 2014 var Mótettukórinn útnefndur besti kórinn í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni. Mótettukórinn hefur gefið út mikið af efni og hefur til að mynda fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda fyrir flutning á sálumessu Maurice Duruflé og Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson. Þá hafa komið út plötur hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS þar sem kórinn syngur verk Jóns Leifs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jólaplötur Mótettukórsins hafa notið mikilla vinsælda enda eru árlegir jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur á aðventunni. Meðal stærri verkefna undanfarin ár má geta flutnings kórsins á *Passíu* Hafliða Hallgrímssonar árið 2015. Sama ár flutti kórinn óratóriuna *Salómon* eftir Händel á Kirkjulistahátíð og var fyrir vikið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Árið 2016 flutti kórinn *Te Deum* eftir Charpentier og *Messu í F-dúr* eftir Bach á þrjátíu ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju. Kórinn hefur reglulega komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast á Listahátíð árið 2018 í *Sinfóníu nr. 2* eftir Mahler. Þá flutti kórinn *H-moll-messu* Bachs á 35 ára afmæli kórsins með Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju árið 2017 og hlaut góða dóma.



Schola cantorum

Kammerkórinn Schola cantorum var stofnaður árið 1996 af Herði Áskelssyni. Allar götur síðan hefur kórinn gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku tónlistarlífi. Frumflutningur á verkum íslenskra tónskálda og fjölröddun endurreisnartímans hefur vegið þungt í verkefnavali kórsins auk þess sem hann hefur flutt ýmis stórvirki barokksins ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju. Kórinn hefur víða komið fram á tónleikum. Vorið 2017 söng hann á fernum tónleikum í Walt Disney Hall á *Reykjavík Festival* í boði Filharmóníuhljómsveitar Los Angeles. Í mars 2018 frumflutti Schola cantorum með Sinfóníuhljómsveit Íslands verkið *Eddu II* eftir Jón Leifs. Verkið var hljóðritað af sænska útgáfufyrirtækinu BIS. Á vegum BIS kom út platan *Meditatio* árið 2016 þar sem kórinn syngur verk frá 20. og 21. öld, íslensk jafnt sem erlend. Hefur diskurinn hlotið lofsamlegar viðtökur víða um heim. Schola cantorum hefur unnið með fjölmörgum listamönnum. Má þar nefna Björk, Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson, Kjartan Sveinsson, Tim Hecker og sænska dúettinn Wildbirds

and Peacedrums. Þá má geta þess að söngur kórsins gegnir veigamiklu hlutverki í hinum vinsæla tölvuleik *God of War* sem Sony gaf út á liðnu ári. Af nýlegum verkefnum kórsins má nefna *Requiem* eftir Alfred Schnittke sem kórinn flutti í febrúar 2019 ásamt hljómsveit og einsöngvurum úr röðum Schola cantorum. Kórinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2017 sem tónlistarflytjandi ársins í flokki sigildrar og samtímatónlistar.



Herdís Anna Jónasdóttir

Herdís Anna Jónasdóttir lærði á fiðlu og píanó og stundaði söngnám frá unga aldri við Tónlistarskólann á Ísafirði. Hún fór í framhaldsnám í söng við Listaháskóla Íslands og Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Hún lauk prófi þaðan árið 2012 með ágætiseinkunn og var þá ráðin að óperustúdíóinu við Zürich-óperuna. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands í Saarbrücken, en er nú sjálfstætt starfandi og býr í Berlín. Herdís hefur tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Þýskalandi, á Íslandi og í Sviss. Meðal helstu hlutverka eru Adina í Ástardrykknum, Adele í Leðurblökunni, Zerlina í Don Giovanni, drottningin af Sjemakha í Gullna hananum, Maria í West Side Story, Eliza í My Fair Lady, Nannetta í Falstaff og Oscar í Grímudansleiknum. Herdís hefur einnig margsinnis komið fram á tónleikum, til dæmis með Kammersveit Reykjavíkur, á Carl Orff-tónlistarhátíðinni, með Ríkishljómsveit Saarlands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra. Herdís hefur tvívegis sungið í uppfærslum Íslensku óperunnar, árið 2012 var hún í hlutverki Musettu í La bohème, og nú nýverið var hún í hlutverki Violettu Valéry í La traviata.



Hanna Dóra Sturludóttir

Hanna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín. Útskrifaðist hún þaðan með viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Hanna Dóra hefur sungið við mörg helstu óperuhús Þýskalands, meðal annars Komische Oper í Berlín, Ríkisóperuna í Berlín og Ríkisóperuna í Bæjaralandi. Á meðal um fimmtíu hlutverka sem hún hefur túlkað á ferlinum eru titilhlutverkin í Ariadne á Naxos og Carmen, Eboli í Don Carlo, Donna Elvira í Don Giovanni og Larína í Jevgení Onégín, sem hún söng í Íslensku óperunni 2016. Hanna Dóra hefur víða komið fram. Undanfarin ár hefur hún tekið þátt í fjölmörgum uppfærslum óperusmiðjunnar Novoflot í Berlín, sem sérhæfir sig í óvenjulegum uppsetningum og frumflutningi á nýrri óperutónlist. Árið 2017 söng hún aðalhlutverkið í Die Passagierin í Gelsenkirchen í Þýskalandi og fékk afbragðsdóma fyrir. Hanna Dóra hefur þrisvar fengið tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna; fyrir flutning sinn á Wesendonck-ljóðum eftir Richard Wagner með Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrir titilhlutverkið í Carmen hjá Íslensku óperunni haustið 2013, og nú síðast fyrir hlutverk Eboli í Don Carlo en þá hreppti hún verðlaunin sem söngkona ársins 2014. Hanna Dóra kennir söng í Söngskóla Sigurðar Demetz og við Listaháskóla Íslands.



Elmar Gilbertsson

Elmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Síðan lagði hann stund á meistaranám í óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Eftir námið fékk Elmar inni í óperustúdíói Hollensku óperunnar og síðan hlaut hann fasta stöðu við óperuna í Maastricht. Einnig hefur hann unnið víða í Evrópu, til að mynda við óperuhúsin í Nantes, Toulon og Aix-en-Provence í Frakklandi, sem og í Barbican Centre í London og við Ríkisóperuna í Amsterdam. Árið 2018 hlaut Elmar fastráðningu við Ríkisóperuna í Stuttgart. Meðal óperuhlutverka Elmars hafa verið Tamino í Töfraflautunni, Don Ottavio í Don Giovanni, Ferrando í Così fan tutte, Alfred í Leðurblökunni og Nerone í Krýningu Poppeu. Elmar hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins og Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins fyrir hlutverk Daða Halldórssonar í óperunni Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson sem sett var upp hjá Íslensku óperunni 2014. Hann var í hlutverki Lenskís í uppfærslu Íslensku óperunnar á Jevgení Onégín haustið 2016 og hlaut aftur Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir túlkun sína. Elmar söng tenórhlutverkið í Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson með Mótettukór Hallgrímskirkju árið 2015 en á námsárum sínum var hann félagi í kórnum. Þá söng Elmar í H-moll-messu Bachs á 35 ára afmælistónleikum kórsins árið 2017 og sömuleiðis á jólatónleikum kórsins það ár.



Oddur Arnþór Jónsson

Oddur Arnþór Jónsson barítón lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Hann stundaði framhaldsnám í óperu- og ljóðasöng við Mozarteum-háskólann í Salzburg og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi meistaraþróf. Oddur hefur sungið fjölda óperuhlutverka við Íslensku óperuna og ber þar helst að nefna *Don Giovanni*, Figaro í *Rakaranum frá Sevilla* og Rodrigo í Don Carlo. Hann hefur einnig fengist við ljóðasöng og flutt *Das Lied von der Erde* eftir Gustav Mahler í Garnier-óperunni í París, og *Vetrarferðina* og *Schwanengesang* á Schubert-hátíðinni í Vilabertran á Spáni. Oddur hefur komið fram með Mótettukór Hallgrímskirkju og Herði Áskelssyni í *Matteusarpassiunni* eftir Bach, *Salómoni* eftir Händel, *Te Deum* eftir Charpentier og *Messu í F-dúr* eftir Bach. Oddur söng aðalhlutverkið (Michael) í *Brothers*, verðlaunaóperu Daníels Bjarnasonar, á Listahátíð 2018 og hlaut fyrir það Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins. Hann var útnefndur bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2014 fyrir hlutverk sitt í Don Carlo, sem var frumraun hans í Íslensku óperunni. Oddur hefur hlotið fjölda viðurkenninga í alþjóðlegum ljóðakeppnum. Hann fékk Schubert-verðlaunin og verðlaun sem besti ljóða- og óratóríuflytjandinn í Francesc Viñas-keppninni í Barcelona. Hann sigraði í Brahms-keppninni í Pörtschach í Austurríki og varð þriðji í Schubert-keppninni í Dortmund.



Hljómeyski

Sönghópurinn Hljómeyski hélt fyrstu tónleika sína í Norræna húsinu árið 1974. Hljómeyski skipaði sér þegar í fremstu röð íslenskra kóra og hefur á þeim áratugum sem liðnir eru flutt ógrynni verka af margvíslegu tagi, allt frá fjölradda kórtónlist endurreisnarinnar til íslenskrar rokktónlistar samtímans. Kórinn leggur mikla áherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Hann hefur frumflutt tugi verka eftir mörg helstu tónskáld landsins og tekur iðulega þátt í tónlistarhátíðum sem helgaðar eru nýrri tónlist, svo sem Myrkum músíkdögum og Norrænum músíkdögum. Hljómeyski kemur iðulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og er í reglulegu samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þá hefur Hljómeyski komið fram með hljómsveitunum Todmobile, Sólstöfum, Skálmöld og Dúndurfréttum. Hljómeyski hefur gefið út sex geislaþlötur með verkum eftir íslensk tónskáld. Kórinn hefur einnig flutt krefjandi *a cappella*-verk, þar á meðal *Náttsöngva* Rakhmanínovs, *Kórkonsert* Schnittkes, *Púskín-sveig* eftir Svíridov og nú síðast stórvirkið *Path of Miracles* eftir Joby Talbot. Stjórnandi Hljómeyskis er Þorvaldur Örn Davíðsson.



Þorvaldur Örn Davíðsson

Þorvaldur Örn Davíðsson útskrifaðist frá Tónlistarskólanum á Akureyri árið 2012 með framhaldspróf í píanóleik. Síðan hélt hann til Reykjavíkur og lauk árið 2015 BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Tryggva M. Baldvinssonar. Þá hóf Þorvaldur Örn nám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar þar sem hann er nú á lokastigum kantorsnáms. Árið 2017 hóf hann jafnframt meistaranám í tónsmíðum; þar hafa kennarar hans verið Hreiðar Ingi Þorsteinsson og Hugi Guðmundsson. Þorvaldur hefur lagt áherslu á kórtónsmíðar og samið verk fyrir marga kóra. Hann starfar sem kórstjóri við Langholtskirkju þar sem hann hefur stýrt Gradualekórnum og Graduale Nobili frá árinu 2017. Haustið 2018 varð Þorvaldur stjórnandi sönghópsins Hljómeyskis. Þorvaldur hefur fengist við ýmis félagsstörf, hann er til að mynda einn af stofnendum listakollektífsins *Alvör* og situr í stjórn Íslensku óperunnar.



Marta Guðrún Halldórsdóttir

Marta Guðrún Halldórsdóttir tók fyrstu skref sín í tónlistarlífinu sem meðlimur Hljómeykis á unglingsárum. Eftir söng- og píanónám á Íslandi stundaði hún framhaldsnám í Þýskalandi. Sem einsöngvari hefur Marta Guðrún komið fram með helstu kórum, hljómsveitum og kammerhópum hér á landi og farið í tónleikaferðir til annarra Evrópulanda. Hún er einn af stofnendum smásveitarinnar Spilmanna Ríkínis sem flytur íslenska tónlist fyrri tíma. Marta Guðrún var stjórnandi Hljómeykis frá árinu 2011 til ársins 2018. Hún er eftirsóttur raddþjálfari og hefur meðal annars unnið með Mótettukór Hallgrímskirkju, Kór Breiðholtskirkju og Kór Neskirkju.



Hildigunnur Rúnarsdóttir

Hildigunnur Rúnarsdóttir stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík með tónsmíðar sem aðalgrein og lauk þaðan prófi vorið 1989. Síðan nam hún tónsmíðar hjá Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Hildigunnur hefur starfað mikið með ýmsum kórum, þar á meðal sönghópnum Hljómeyki. Meðal helstu verka hennar eru barnaóperan *Gílitrutt*, *Blandaðir dansar* fyrir hljómsveit, *Konsert* fyrir fiðlu og hljómsveit, og *Messa í minningu Guðbrands Þorlákssonar* fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Messan var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2003. Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga. Hildigunnur hefur samið tónlist við þrjár heimildamyndir, nú síðast *Gósenlandið*, mynd Ásdisar Thoroddsen um matarhefðir á Íslandi. Hildigunnur starfar við tónsmíðar, kennslu og söng í Reykjavík ásamt því að sitja í stjórn

Íslenskrar tónverkamiðstöðvar.



Þóra Marteinsdóttir

Þóra Marteinsdóttir er fædd og uppalin í Kópavogi. Snemma hóf hún nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Kópavogi undir handleiðslu Hrefnu Eggertsdóttur. Árið 1998 útskrifaðist hún af tónlistarbraut Menntaskólans við Hamrahlíð og hóf nám í tónsmíðum og píanóleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík um haustið. Þaðan lauk hún námi árið 2001. Meðal kennara hennar þar voru Atli Heimir Sveinsson, Mist Þorkelsdóttir og Peter Máté. Haustið 2001 hélt Þóra til framhaldsnáms í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Gautaborg en þaðan útskrifaðist hún árið 2005. Aðalkennarar hennar þar voru Staffan Mossenmark og Ole Lützow-Holm. Að því loknu lá leiðin heim til Íslands og stundaði Þóra nám í kennslufræði við Listaháskóla Íslands veturinn 2005–2006. Þóra kennir tónmennt og tónfræði á ýmsum stöðum, stjórnar barnakór og semur auk þess tónlist fyrir ýmis tilefni. Verk eftir Þóru hafa komið út á geisladiskum og verið flutt um allan heim.



Halldór Hauksson

Halldór Hauksson lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Garðabæjar árið 1987. Hann hefur lengstum starfað að tónlistarmiðlun á ýmsum vettvangi og leitað leiða til að auka þekkingu og áhuga Íslendinga á klassískri tónlist. Á árunum 1996–2000 var hann dagskrárstjóri á útvarpsstöðinni Klassík FM og hélt þar uppi fjölbreyttri dagskrá um tónlist. Næstu ár þar á eftir stjórnaði hann tónlistarþáttum á Rás 1 og vakti athygli fyrir nýstárleg tök á útvarpsmiðlinum í innslögum í menningarþættinum *Víðsjá* sem hann nefndi *Himbrima* og *Duttlunga*. Halldór hefur skrifað um tónlist í dagblöð og ritað greinar í geisladiskabæklinga og tónleikaskrár, meðal annars fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Salinn í Kópavogi. Frá árinu 1998 hefur hann verið tengdur listastarfi í Hallgrímskirkju sterkum böndum sem kórsöngvari, fjölmiðlatengill og efnisskrárskrifari. Undanfarin ár hefur Halldór lagt meiri rækt við píanóleik, sér í lagi spuna. Auk þess hefur hann stundað tónsmíðar og hefur tónlist eftir hann meðal annars verið flutt af Mótettukór Hallgrímskirkju.



Davíð Þór Jónsson

Davíð Þór Jónsson er sóknarprestur í Laugarnesprestakalli í Reykjavík. Hann gegndi embætti héraðsprests í Austurlandsprófastsdæmi árin 2014–2016. Áður en Davíð tók prestsvígslu hafði hann komið víða við. Hann var um tíma einn helsti skemmtikraftur þjóðarinnar sem helmingur gríntviekisins Radíuss. Hann hefur starfað við allar tegundir fjölmiðla; útvarp, sjónvarp, dagblöð og tímarit. Davíð er enn fremur mikilvirkur þýðandi. Hann hefur þýtt ógrynni barnaefnis til talsetningar fyrir sjónvarp og kvikmyndahús, en einnig skáldsögur og leikrit, einkum söngleiki. Davíð hefur sent frá sér tvær ljóðabækur fyrir börn og þrjár skáldsögur. Davíð er fæddur og alinn upp í Reykjavík en á unglingsárunum var hann Hafnfirðingur.



Guðjón Davíð Karlsson

Guðjón Davíð Karlsson útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2005. Eftir útskrift hlaut hann fastráðningu hjá Leikfélagi Akureyrar og var þar til ársins 2008 en þá var hann fastráðinn við Borgarleikhúsið. Árið 2015 flutti hann sig í Þjóðleikhúsið og hefur verið fastráðinn þar. Guðjón hefur leikið burðarhlutverk í mörgum sýningum síðan hann útskrifaðist. Sem dæmi má nefna *Fullkomið brúðkaup*, *Litlu hryllingsbúðina*, *Gauragang*, *Á sama tíma að ári*, *Mary Poppins*, *Jónsmessunæturdraum*, *Sporvagninn Girnd*, *Ofviðrið*, *Beint í æð*, *Einræðisherrann*, *Loddarann*, *Eldhaf*, *Er ekki nóg að elska*, *Mariubjölluna* og *Kirsuberjagarðinn*. Guðjón hefur skrifað handrit fyrir svið og sjónvarp og má þar nefna þrjár þáttaraðir af *Stundinni okkar*, *Klukkan um jól* og *Loforð* fyrir RÚV og fjölskyldusöngleikinn *Fjarskaland* og Stuðmannasöngleikinn *Slá í gegn*, sem hann leikstýrði einnig, í Þjóðleikhúsinu.



Pröstur Leó Gunnarsson

Pröstur Leó Gunnarsson útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1985 og síðan hefur hann verið óstöðvandi. Hann var fastráðinn við Leikfélag Reykjavíkur árið 1986 og lék ótal aðalhlutverk þar, fyrst um sinn í lðnó og síðan í Borgarleikhúsinu, og má nefna verk eins og *Þrúgur reiðinnar*, *Tartuffe* og *Hamlet*. Árið 1997 söðlaði Pröstur Leó um og fór til Þjóðleikhússins þar sem hann hefur sömuleiðis leikið fjölmörg burðarhlutverk. Pröstur Leó hefur leikið í mörgum sjónvarps- og kvikmyndum og má þar nefna *Tár úr steini*, *Eins og skepnan deyr*, *Perlur og svín*, *Nóa albínóa* og fleiri þekktar myndir. Pröstur Leó hefur margoft verið tilnefndur til Eddunnar og Grímunnar og stundum fengið.



tónlistarkvenna. Gagnrýnendur hafa lofað hópinn mjög og sagt hann vera einn áhugaverðasta tónlistarhóp landsins. Umbra hlaut starfslaun listamanna á árinu 2018 og aftur 2019.



Alexandra Kjeld

Alexandra Kjeld nam fiðluleik um árabíl hjá Sean Bradley í Tónlistarskólanum í Garðabæ og hjá Mark Reedman í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún lauk BA-prófi í tónlistarfræði með áherslu á menningarstjórnun frá Sorbonne-háskóla í París árið 2006. Skömmu síðar hóf hún nám á kontrabassa, fyrst í Tónlistarskóla FÍH hjá Róberti Þórhallssyni og síðar hjá Hávarði Tryggvasyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún sótti söngtíma hjá Rut Magnússon og Hlín Pétursdóttur Behrens og söng um árabíl með Mótettukór Hallgrímskirkju. Alexandra hefur komið fram á fjölda tónleika og tónlistarhátíða, meðal annars á Iceland Airwaves, Menningarnótt, Þjóðlagahátíð á Siglufirði og á Sumartónleikum í Skálholti. Hún hefur spilað og sungið með ýmsum hópum, til að mynda Orkester Norden, Schola cantorum, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Söngsveitinni Ægisif. Alexandra er stofnmeðlimur tónlistarhópsins Umbru og hefur í starfinu með hópnum rannsakað þjóðlagatónlist Evrópu og Suður-Ameríku sem og tónlist miðalda. Alexandra hefur einnig setið í ýmsum stjórnum og dómnefndum í áranna rás og komið að tónlistarútgáfu, tónlistargagnrýni og greinaskrifum um tónlist í fjölmiðlum.



Arngerður María Árnadóttir

Arngerður María Árnadóttir hóf píanónám ung að aldri norður í Þingeyjarsýslu. Hún stundaði nám við píanódeild Tónlistarskólans Reykjavík. Þaðan lá leiðin í Háskólann í Álaborg þar sem hún lauk BA-gráðu í tónlist árið 2000. Arngerður lauk kantorsprófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar árið 2007 og undanfarin ár hefur hún verið tónlistarstjóri og organisti að aðalstarfi, fyrst við Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og nú við Laugarneskirkju í Reykjavík. Um þessar mundir leggur hún stund á meistaranám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands og stefnir á námslok árið 2020. Arngerður hefur sinnt ýmsum öðrum störfum í tengslum við tónlist. Nefna má dagskrárgerð á RÚV, píanókennslu, undirleik hjá kórum og einsöngvurum, kórstjórn og verkefnastjórn. Hún hefur sungið með fjölmörgum kórum, svo sem Kór Áskirkju, Ægisif, Mótettukór Hallgrímskirkju og Hljómeyki. Arngerður er einnig meðlimur í tónlistarhópnum Voces Thules.

Umbra

Tónlistarhópurinn Umbra var stofnaður árið 2014. Hann er skipaður þeim Alexöndru Kjeld (kontrabassi og söngur), Arngerði Maríu Árnadóttur (orgel, keltnesk harpa og söngur), Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur (fiðla og söngur) og Lilju Dögg Gunnarsdóttur (altsöngkona og flauta). Þær leitast við að skapa hljóðheim sem hefur fornan blæ og oft dimman undirtón. Hópurinn flytur gjarnan eigin útsetningar á fornu tónefni og vinnur markvisst með þann hljóðheim sem hlýst af samsetningu upprunahljóðfæra og samsöngs. Auk miðalda- og þjóðlagatónlistar hefur Umbra frumflutt verk eftir tónskáldin Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Finn Karlsson sem samin voru sérstaklega fyrir hópinn. Umbra hefur komið fram á Listahátíð í Reykjavík, Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði, Sálmafossi á Menningarnótt, á Tíbrártónleikum í Salnum og í Frihavnskirken og Koncertkirken í Kaupmannahöfn. Umbra sendi frá sér tvær plötur í samstarfi við plötuútgefuna Dimmu árið 2018. Nefndist sú fyrri *Úr myrkrinu* og innihélt lög úr evrópskum handritum og íslensk þjóðlög en sú seinni, *Sólhvörf*, var jólaplata. Báðar voru plöturnar tilnefndar til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins og hreppti platan *Sólhvörf* verðlaunin. Dómnefnd sagði lögin framúrskarandi útsett og flutt af frábærum hópi



Guðbjörg hóf fiðlunám átta ára gömul í Tónskóla Sigursveins og lauk þaðan burtfararprófi undir handleiðslu Gretu Guðnadóttur árið 2006. Árin 2006–2012 stundaði hún nám í klassískum fiðluleik hjá Eevu Koskinen, Kees Hülsmann og Natalíu Gabúniú við Konservatoriíð í Utrecht og Konservatoriíð í Tilburg í Hollandi. Guðbjörg hefur einnig lagt stund á barokkfiðluleik og hefur sótt tíma hjá Ann Wallström, Antoinette Lohmann, Höllu Steinunni Stefánsdóttur og Jaap Schröder. Guðbjörg er stofnmeðlimur hljómsveitarinnar Umbru sem sérhæfir sig í flutningi á tónefni frá miðöldum í eigin útsetningum. Guðbjörg er einnig stofnmeðlimur Barokkbandsins Brákar sem sérhæfir sig í upprunaflutningi og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Auk þess hefur Guðbjörg leikið með sveitunum Symphonia Angelica og Reykjavík Barokk og með ýmsum strengjakvartettum og kammersveitum á Íslandi, Norðurlöndum og í Hollandi. Guðbjörg hefur einnig verið virk í popptónlistarsenunni og hefur ferðast um heim allan með hljómsveitum á borð við Seabear, Múm og Sigur Rós.



óperunnar. Hún hefur starfað við útfararsöng undanfarin ár og einnig við tónlistarstjórn í söngleikjum, einkum í framhaldsskólum. Auk þess hefur hún útsett talsvert af efni fyrir kóra. Lilja Dögg stjórnar Kvennakórnum Kötlu ásamt Hildigunni Einarsdóttur, en kórinn hefur getið sér gott orð undanfarin misseri.



Marina Albero

Marina Albero fæddist og ólst upp í Barcelona í Katalóníu. Hún óx úr grasi í fjölskyldu tónlistarmanna sem ferðaðist um heiminn og lék þjóðlagatónlist. Hún nam píanóleik við Tónlistarháskóla Barcelona-borgar, sem nefndur er El Bruc, og síðan við Instituto Superior de Arte í Havana á Kúbu. Aðalkennari hennar þar var Teresa Junco. Marina Albero hefur lagt stund á afar fjölbreytta tónlist, allt frá tónlist fyrri alda og flamenkó-tónlist til djass og latíndjass. Hún fæst oft við tónsmíðar og hefur gaman af því að spila af fingrum fram. Marina Albero hefur sérhæft sig í að spila á miðaldahljóðfærið psalterium, sem er ákveðin tegund af dúlsímer eða simbal sem tíðkaðist við Miðjarðarhafið til forna. Hún hefur skapað sér sinn eigin psalterium-stíl, ef svo má að orði komast, og smíðað hann úr flamenkó-takti, spuna og tónabrotum sem rekja má til uppruna hljóðfærisins í Persíu. Hún hefur komið fram á ýmsum hátíðum, kynnt þar hljóðfærið og leikið á það. Hún hefur leikið á psalterium með hljómsveitum og listamönnum á borð við L'Arpeggiata, Christinu Pluhar, Chano Dominguez, Pepe Habichuela og La Folata. Marina Albero kemur einnig reglulega fram sem djasspíanisti, hefur unnið til verðlauna fyrir leik sinn og spilar reglulega með Hans Teuber, Evan Flory-Barnes, Jeff Busch og Jeff Johnson.

Gestir Umbru

Á tónleikum Umbru leikur **Þórdís Gerður Jónsdóttir** á selló, en hún nam við djassdeild Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík. Þá lærði hún klassískan sellóleik við Listaháskóla Íslands, en hún leikur sigilda tónlist og djass jöfnum höndum. **Kristofer Rodriguez Svónuson** leikur á slagverk, en hann útskrifaðist úr FÍH og hefur verið umvafinn suðuramerískri tónlist frá upphafi. Hún hefur því haft mikil áhrif á spilamennsku hans og lagasmíðar. Þá leikur **Eggert Pálsson** á slagverk á þessum tónleikum, en hann lærði við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Hann hefur lengi verið fyrsti pákuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en er einnig stofnfélagi í Voces Thules. Þá syngur með Umbru sönghópurinn **Cantores Islandiae**. Hann var stofnaður í Reykjavík haustið 2018 og sérhæfir sig í flutningi á gregorssöng auk annarrar trúarlegrar og veraldlegrar tónlistar fyrir alda.



David Cassan

Franski orgelleikarinn David Cassan er einn helsti orgelleikari yngri kynslóðarinnar í Evrópu. Hann nam við tónlistarháskóla í Caen og Lyon, en meðal kennara hans voru Thierry Escaich og Philippe Lefebvre. Cassan er eftirsóttur konsertorganisti og hefur komið fram með flestum helstu hljómsveitum Frakklands og haldið tónleika í fjölmörgum löndum. Hann leggur sig helst eftir verkum eftir Johann Sebastian Bach og eftir frönsk tónskáld frá 19. og 20. öld. Cassan hefur sérstakt dálæti á orgelspuna og leikur reglulega undir þögllum kvikmyndum á orgel eða píanó. Hann hefur hlotið mörg verðlaun í orgelkeppnum, til að mynda í Chartres í Frakklandi, St Albans á Englandi og í Haarlem í Hollandi. Í kjölfar sigra sinna hefur hann verið beðinn um að sitja í dómnefndum í slíkum keppnum. Cassan heldur meistaranámskeið fyrir orgelnemendur víða um lönd og kennir orgelleik og orgelspuna

við tónlistarháskóla í Nancy og Saint-Maur-des-Fossés í Frakklandi. David Cassan er aðalorganisti (*titulaire du Grand-Orgue*) við Oratoire du Louvre-kirkjuna í París.



David Erler

Þjóðverjinn David Erler er meðal helstu kontratenóra af yngri kynslóð nú á dögum. Hann nam söng og tónlistarfræði í Leipzig. Á námsárum sótti hann meistaranámskeið hjá Andreas Scholl og hópnum The King’s Singers. David Erler kemur reglulega fram með stjórnendum á borð við Philippe Herreweghe, Jos van Immerseel, Hans-Christoph Rademann og Gotthold Schwarz. Erler leggur sérstaka rækt við endurreisnartónlist og við ítalska og einkum enska tónlist 17. og 18. aldar. Söng hans má heyra á fleiri en 70 hljómplötum, og má þar sérstaklega minnst á heildarflutning á verkum eftir Heinrich Schütz undir stjórn Hans-Christophs Rademanns. Erler kemur reglulega fram á tónlistarhátíðum í Þýskalandi og Austurríki. Undanfarið hefur David Erler tekið að sér ritstjórnar- og fræðistörf í auknum mæli; hann var til að mynda nýlega ráðinn ritstjóri heildarútgáfu á verkum tónskáldsins

Johanns Kuhnau hjá útgáfufyrirtækinu virta Breitkopf & Härtel, en sum þeirra hafa aldrei verið prentuð áður. Þá gaf hann nýlega út á nótum *Requiem*, ZWV 46, eftir Jan Dismas Zelenka.



Benedikt Kristjánsson

Benedikt Kristjánsson lærði söng við Söngskólann í Reykjavík og söng jafnframt í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og í Hamrahlíðarkórnum. Hann lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007 þar sem Margrét Bóasdóttir var kennari hans. Þá hélt hann til Berlínar og lauk framhaldsnámi frá Hochschule für Musik Hanns Eisler árið 2015. Aðalkennari hans þar var Scot Weir. Benedikt hlaut fyrstu verðlaun í Bach-söngkeppninni í Greifswald árið 2011 og einnig verðlaun áheyrenda. Hann hlaut verðlaun áheyrenda í Bach-keppninni í Leipzig árið 2012. Benedikt hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem bjartasta vonin árið 2012 en árið 2016 hlaut hann verðlaunin sem söngvari ársins. Benedikt hefur víða komið fram í hlutverki guðspjallamanns í passíum og óratórium Johanns Sebastians Bachs og sungið með hljómsveitum á borð við Deutsche Kammerphilharmonie Bremen, Staatskapelle Berlin og Freiburger Barockorchester. Hann hefur komið fram sem einsöngvari í mörgum af þekktustu tónleikahúsum heims, eins og Filharmóníunni í Berlín, Concertgebouw í Amsterdam og í Walt Disney Hall í Los Angeles, og þá hefur hann unnið með virtum stjórnendum á borð við Reinhard Goebel, Peter Dijkstra og Philippe Herreweghe. Nýlega kom út fyrsta einsöngsplata Benedikts, *Drang in die Ferne*. Fram undan eru einsöngstónleikar á Bach-hátíðinni í Leipzig og í Elbphilharmonie-höllinni í Hamborg, hljóðritun á óperunni *Les Boréades* eftir Rameau undir stjórn Václavs Luks og tónleikaferðalag með Gaechinger Cantorey um Norður-Ameríku undir stjórn Hans-Christophs Rademanns.



Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) er skipuð úrvalshljóðfæraleikurum víðs vegar að úr heiminum, en meðlimir sveitarinnar eiga það flestir sameiginlegt að hafa numið við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi sem er leiðandi í kennslu á barokkhljóðfæri. Að námi loknu hafa meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar haslað sér völl sem eftirsóttir hljóðfæraleikarar og

leika nú reglulega með mörgum af helstu upprunasveitum heims undir stjórn nafntogaðra stjórnenda. Má þar nefna hljómsveitir á borð við Les Arts Florissants, Barokksveitina í Amsterdam, Bach Collegium Japan, Orchestra of the Age of Enlightenment, Collegium Vocale Gent og stjórnendur á borð við William Christie, Ton Koopman, Masaaki Suzuki og Philippe Herreweghe. Meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Hallgrímskirkju hafa verið tíðir gestir á Íslandi frá því að þeir komu fyrst til að taka þátt í flutningi á *Jólaóratóriu* Bachs árið 2004 og 2005, en sveitin kemur nú saman til tónleikahalds með kórum Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar í ellefta sinn. Sveitin kom fram á Kirkjulistahátíð 2005, 2007 og 2015, og lék á 30 ára afmælistónleikum Mótettukórsins og 30 ára vígsluafmælistónleikum Hallgrímskirkju. Sveitin hefur einnig leikið í Hörpu og í Hofi á Akureyri. Meðal verka sem Alþjóðlega barokksveitin hefur leikið með Mótettukór Hallgrímskirkju eru *Matteusarpassía*, *Jóhannesarpassía* og *H-moll-messa* Bachs, *Salómon* eftir Händel og *Te Deum* eftir Charpentier, en með Schola cantorum hefur sveitin flutt *Messías* og *Ísrael í Egyptalandi* eftir Händel og *Jólaóratóriu* Bachs. Hljómsveitin hefur undantekningarlaust fengið frábæra dóma fyrir leik sinn og hefur átt ómetanlegan þátt í að kynna flutningsmáta upprunastefnu og hljóðfæri barokktímans hér á landi.



Guðmundur Vignir Karlsson

Guðmundur Vignir Karlsson, einnig þekktur sem Kippi Kaninus, lagði stund á sjón- og hljóðlistir í Hollandi og lauk námi með MA-gráðu. Vignir er meðlimur Hljómsveitarinnar *amiinu* og kemur reglulega fram á tónleikum með henni úti um allan heim. Þá er hann einnig meðlimur í þungarokkssveitinni *Glerakri*, og í hljómsveitinni *Mankan* ásamt saxófónleikaranum og raftónlistarmanninum Tómasi Manoury. Auk þessa hefur Vignir gefið út fjórar plötur undir nafninu Kippi Kaninus. Hann er meðlimur í kammerkórnum Schola cantorum og hefur verið allar götur síðan 2002 og komið fram með honum víða um heim sem kórsöngvari og sem einsöngvari, meðal annars í Walt Disney Hall í Los Angeles. Hann syngur mikið við útfarir með hinum ýmsu sönghópum, í blönduðum sönghópum en ekki síst í karlakórum þar sem hann syngur fyrsta tenór.



Halldór Eldjárn

Halldór Eldjárn er tónlistarmaður og forritari. Tónlist hans er innblásin af samruna tækni og náttúru. Hljóðgervlar, rytmar og óvenjuleg hljóð blandast saman í tónlist hans og skapa ríkulega áferð sem ber vott um það hvernig framtíðin gæti hljómað. Halldór stofnaði hljómsveitina *Sykur* ásamt félögum sínum árið 2008 og hefur sveitin gefið út tvær plötur og er sú þriðja væntanleg í ár. Halldór hefur undanfarið samið tónlist undir eigin nafni, en fyrsta plata hans, *Poco Apollo*, fjallar um tunglferðir og er samín með hjálp gervigreindar.



Georgia Browne

Flautuleikarinn Georgia Browne er frá Perth í Ástralíu. Eftir tónlistarnám þar komst hún í kynni við löndu sína Kate Clark, og hélt þá til náms hjá henni og Barthold Kuijken við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Browne útskrifaðist þaðan með láði og haslaði sér völl í evrópsku tónlistarlífi árið 2004 með því að leika fjórlegan flautukonsert eftir Vivaldi í beinni útvarpsútsendingu úr Quirinale-höll í Róm. Síðan þá hefur Browne verið eftirsóttur flautuleikari og kennari. Hún er fyrsti flautuleikari í sveitinni Ensemble Pygmalion og leikur þar undir stjórn Raphaëls Pichons. Hún leikur reglulega með sveitum á borð við Arcangelo, Dunedin Consort, The English Concert og Orchestra of the Age of Enlightenment og hefur unnið með stjórnendum eins og Jonathan Cohen, David Bates, John Butt og Harry Bicket. Georgia Browne hefur unnið mikið með íslenska tónlistarhópnum Nordic Affect að ýmsum verkefnum, til að mynda geislaplötu með verkum eftir Carl Friedrich Abel. Georgia Browne kennir við háskólana í Southampton og Birmingham, kennir á meistaranámskeiðum um víða veröld og stendur fyrir sumarnámskeiðum í flautuleik í Frakklandi.



Tuomo Suni

Finninn Tuomo Suni lærði barokkfiðluleik heima í Finnlandi hjá Kreetu-Mariu Kentala og hélt síðan til náms við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Þar nam hann hjá Enrico Gatti og útskrifaðist með meistaragráðu í fiðluleik árið 2005. Síðan þá hefur Suni aðallega fengist við kammertónlist og komið fram og hljóðritað með sveitum á borð við Opera Quarta, Ensemble Masques, Capriccio Stravagante og Ricercar Consort. Tvisvar hafa hljóðritanir sem Tuomo Suni tók þátt í hlotið frönsku *Diapason d’Or*-viðurkenninguna; annars vegar plata sveitarinnar Opera Quarta með tríósónötum eftir Leclair árið 2007, og hins vegar plata Ensemble Masques með verkum eftir austurríska 17. aldar tónskáldið Romanus Weichlein árið 2015. Suni er leiðari sveitarinnar Vox

Luminis, leiðari annarrar fiðlu í sveitinni The English Concert, og leikur reglulega með Barokksveitinni í Helsinki, The Early Opera Company, Dunedin Consort og Bach Collegium Japan.



Sigurður Sævarsson

Sigurður hóf söngnám hjá Árna Sighvatssyni í Tónlistarskólanum í Keflavík. Þaðan lá leiðin í Nýja tónlistarskólann þar sem kennarar hans voru Sigurður Demetz Franzson og Alina Dubik. Sigurður hélt þaðan í söng- og tónsmíðanám við Boston-háskóla í Bandaríkjunum. Hann lauk meistaragráðu þaðan í báðum greinum árið 1997. Sigurður hefur að mestu einbeitt sér að því að semja fyrir söngródd. Hann hefur samið tvær óperur, *Z — ástarsögu*, sem byggð er á skáldverki Vigdísar Grímsdóttur, og *Hel*, sem byggð er á skáldverki Sigurðar Nordals. Meðal stærri kórverka má nefna *Hallgrímsspassíu* fyrir kór, hljómsveit og einsöngvara sem Schola cantorum frumflutti ásamt Caput-hópnum og Jóhanni Smára Sævarssyni bassa undir stjórn Harðar Áskelssonar. Verkið var síðar hljóðritað og

hlaut tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besta hljómplatan. Meðal annarra stórra verka má nefna *Missa Pacis* sem Sigurður samdi fyrir Hljómeyki er hann var staðartónskáld í Skálholti; *Jólaóratóríu* fyrir kór, hljómsveit og einsöngvara; og *Requiem* sem Schola cantorum frumflutti undir stjórn Harðar Áskelssonar. Undanfarin þrjú ár hefur Sigurður að mestu einbeitt sér að kórverkum án undirleiks. Þá hefur hann samið orgelverk fyrir organistann James D. Hicks; annars vegar *Himna smíður*, sem byggt er á sálmi Þorkels Sigurbjörnssonar, og sömuleiðis verk sem byggt er á *Requiem* eftir Jón Leifs. Það verður frumflutt í sumar.



Kristján Valur Ingólfsson

Kristján Valur Ingólfsson er fyrrverandi sóknarprestur á Raufarhöfn, Ísafirði og Grenjaðarstað. Hann var rektor í Skálholti, gegndi stöðu lektors í kennimannlegri guðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og var verkefnastjóri guðsþjónustu- og helgisíða á Biskupsstofu. Kristján Valur var vígslubiskup í Skálholti en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður á sviði praktískrar guðfræði. Tengsl hans við Hallgrímskirkju, Listvinafélag Hallgrímskirkju og Kirkjulistahátið sem stjórnarmaður, formaður og ráðgjafi spanna rúma tvo áratugi.



Graduale Nobili

Kórinn Graduale Nobili var stofnaður af Jóni Stefánssyni árið 2000. Hann er skipaður um 24 konum sem allar hafa lagt stund á tónlistarnám. Kórinn hefur unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum um heim allan. Þá hefur kórinn frumflutt fjölda verka eftir bæði íslensk og erlend tónskáld. Graduale Nobili hefur gefið út nokkrar plötur en platan *In Paradisum* var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2008. Kórinn vakti mikla athygli þegar hann söng inn á plötuna *Biophiliu*, plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, og ferðaðist með henni um heim allan um tveggja ára skeið. Árið 2014 var jólatónleikum kórsins sjónvarpað á RÚV og um alla Evrópu. Kórinn var valinn til að syngja með stórhljómsveitinni Fleet Foxes í Eldborg á Iceland Airwaves árið 2017. Stjórnandi kórsins er Þorvaldur Örn Davíðsson.



Hildigunnur Einarsdóttir

Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2010 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur. Síðar stundaði hún framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur lauk nýverið BA-prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar kórum og leiðir tónlistarsmiðjur um allt land og syngur meðal annars með Schola cantorum og Kór Íslensku óperunnar. Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari hérlendis sem erlendis og af nýlegum verkefnum má nefna *Klassíkina okkar*, opnunartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, *Messías* og

Júdas Makkabeus eftir Händel, *Matteusarpassiuna*, *Jóhannesarpassiuna* og *Jólaóratóriuna* eftir Bach og *Guðbrandsmessu* eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Hildigunnur Einarsdóttir söng nýlega hlutverk móðurinnar í *Hans* og *Grétu* hjá Íslensku óperunni. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.





Inga Rós Ingólfssdóttir, verkefna- og framkvæmdastjóri Kirkjulistahátíðar

Inga Rós Ingólfssdóttir var fastráðinn sellóleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1982–2017. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1976 og stundaði síðan nám hjá Johannes Goritzki við Robert Schumann-tónlistarháskólann í Düsseldorf 1976–1981, þar sem hún lauk einleikaraprófi. Inga Rós hefur komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim, meðal annars í Þýskalandi, á Englandi, í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Eistlandi, Litháen, Frakklandi, Austurríki, Belgíu, Ítalíu, á Spáni, í Portúgal, Bandaríkjunum, Japan og í Kína. Hún hefur leikið í sjónvarpi og á fjölda geisladiska og tekið þátt í frumflutningi íslenskra tónverka, bæði sem einleikari og kammerflytjandi, einkum með Kammersveit Reykjavíkur þar sem hún var leiðandi sellóleikari um margra ára skeið. Inga Rós hefur einnig haldið fjölda tónleika með eiginmanni sínum Herði Áskelssyni orgelleikara bæði hérlandis og erlendis. Inga Rós hefur verið mjög virk í félagsmálum, meðal annars sem formaður Félags íslenskra tónlistarmanna, í stjórn Bandalags íslenskra listamanna og í Nordisk Solistráð auk þess að vera í fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík. Hún sat í stjórn Kammersveitar Reykjavíkur um árabíl og var í listanefnd fyrir Kristnitökuhátíðina árið 2000. Einnig hefur hún gegnt ýmsum trúnaðar- og nefndarstörfum fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Inga Rós hefur verið framkvæmdastjóri Kirkjulistahátíðar frá árinu 2000 og einnig verið mjög virk sem framkvæmdastjóri Listvínafélags Hallgrímskirkju frá 2003. Hún hefur komið mörgum nýjungum í kring í blómlegu starfi félagsins, en á vegum Listvínafélagsins og Kirkjulistahátíðar hefur hún stýrt á annað þúsund listviðburðum. Auk starfa sinna við hið fjölþætta og gróskumikla listalíf Hallgrímskirkju gegndi hún hálfu starfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands síðustu tíu árin þar til hún sagði starfi sínu lausu vorið 2017 til að helga krafta sína framkvæmdastjórn listastarfsins í Hallgrímskirkju. Inga Rós stýrir nú Kirkjulistahátíð sem verkefna- og framkvæmdastjóri í áttunda sinn.



Pétur Oddbergur Heimisson, kynningarstjóri Kirkjulistahátíðar

Pétur Oddbergur Heimisson bass-barítón stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík. Hann fór í framhaldsnám til Hollands og lærði í Tónlistarháskólanum í Utrecht og lauk BA- og meistaraprófi við skólann. Þar lærði hann hjá Jóni Þorsteinssyni. Hann syngur með sönghópnum Olgu (*Olga Vocal Ensemble*) og stofnaði hópinn ásamt skólafélögum sínum í Utrecht. Pétur tók þátt í sjálfstæðum óperuuppfærslum á meðan hann var í námi í Hollandi. Hann stofnaði meðal annars óperufyrirtæki, Utrecht City Opera, sem setti upp tvær óperur, *La serva padrona* eftir Pergolesi, þar sem hann fór með hlutverk Uberto, og *Apollo e Dafne* eftir Händel, þar sem Pétur fór með hlutverk Apollo. Í febrúar árið 2019 söng Pétur við frumflutning á barnaóperunni *Konan og selshamurinn* eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Í sama mánuði útskrifaðist Pétur með meistaragráðu í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Samhliða því að starfa sem kynningarstjóri fyrir Kirkjulistahátíð vinnur hann sem verkefnisstjóri hjá Maxímús Músíkús. Pétur hefur unnið sem umboðsmaður og vann um tíma sem slíkur fyrir The King's Singers á Norðurlöndum. Hann hefur einnig tekið að sér að skipuleggja menningartengd verkefni og skipulagði meðal annars námskeið með Paul Phoenix, fyrrverandi söngvara úr The King's Singers.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

Sópran

Auður Perla Svansdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Larissa Weidler

Alt

Anna Lilja Torfadóttir
Björg Sigurðardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Laufey Jakobsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Valgerður Ólafsdóttir

Tenór

Andrés Narfi Andrésson
Gísli Magnússon
Hannes Kristinn Árnason
Hjálmar Benónýsson
Hrafnkell Karlsson
Ingibjartur Jónsson
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Páll Sólmundur Eydal
Víkingur Viðarsson
Þorsteinn Björnsson

Bassi

Arnar Freyr Kristinsson
Atli Sævar Ágústsson
Atli Freyr Steinþórsson
Ástbjörn Haraldsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Pétursson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Snorri Sigurðsson



SCHOLA CANTORUM

Sópran

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir
Hulda Proppé
Ingibjörg Fríða Helgadóttir
Rakel Edda Guðmundsdóttir
Sara Grímsdóttir

Alt

Auður Guðjohnsen
Hildigunnur Einarsdóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Lilja Dögg Gunnarsdóttir
Sigurlaug Knudsen

Tenór

Björn Thorarensen
Guðmundur Vignir Karlsson
Helgi Steinar Helgason
Marteinn Snævarr
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Bassi

Benedikt Ingólfsson
Hafsteinn Þórólfsson
Pétur Oddbergur Heimisson
Sigurður Sævarsson
Örn Ýmir Arason

HLJÓMEYKI

Sópran

Brynhildur Þorbjarnardóttir
Elín Arna Aspelund
Drífa Örvarsdóttir
Freyja Jónsdóttir
Heiðrún Hákonardóttir
Snæfríður Björnsdóttir

Alt

Brynhildur Auðbjargardóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Valgerður Guðrún Halldórsdóttir
Valgerður Helgadóttir

Tenór

Björn Hjaltason
Guðmundur Arnlaugsson
Hákon Þrastar Björnsson
Hjörtur Þorbjörnsson

Bassi

Egill Gunnarsson
Gunnar Guðnason
Gunnlaugur Bjarnason
Ingólfur Jóhannesson
Ragnar Pétur Jóhannsson

GRADUALE NOBILI

Fyrsti sópran

Ásta Marý Stefánsdóttir
Halldóra Ósk Helgadóttir
Harpa Ósk Björnsdóttir
Hekla Karen Alexandersdóttir
Íris Björk Gunnarsdóttir
Sandra Lind Þorsteinsdóttir

Annar sópran

Anna Sigrún Gunnarsdóttir
Lilja Ragnheiður Einarsdóttir
Salný Vala Óskarsdóttir
Steinunn Þorvaldsdóttir
Vera Hjördís Matsdóttir

Fyrsti alt

Anna Magnúsdóttir
Hafdís María Matsdóttir
Ragnhildur Jóhanna Júlíusdóttir
Sigurbjörg Telma Sveinsdóttir
Snjólaug Vera Jóhannsdóttir
Þórhildur Steinunn Kristjánsdóttir

Annar alt

Álfheiður Edda Sigurðardóttir
Edda Kristjánsdóttir
Margrét Björk Daðadóttir
Sunna Karen Einarsdóttir
Una María Bergmann

CANTORES ISLANDIAE

Atli Freyr Steinþórsson
Ágúst Ingi Ágústsson
Gísli Jóhann Grétarsson
Gísli Magna Sigríðarson
Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Jón Gunnar Axelsson
Sveinn Arnar Sæmundsson
Þröstur Freyr Gylfason



ALÞJÓÐLEGA BAROKKSVEITIN Í HALLGRÍMSKIRKJU

Fyrsta fiðla

Tuomo Suni
Joanna Huszcza
Aira Lehtipuu
Sara DeCorso

Önnur fiðla

Marika Holmqvist
Antina Hugosson
Dorothee Mühleisen
Laufey Jensdóttir

Víóla

Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathleen Kajioka
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Emily Robinson
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Kontrabassi

Josh Cheatham

Þverflauta

Georgia Browne
Magnea Árnadóttir

Óbó

Anna Starr
Gilberto Caserio
Gunnar Þorgeirsson

Fagott

Lisa Goldberg

Trompet

Geerten Rooze
David Kjar
Femke Lunter

Pákur

Frank Aarnink

Orgel og semball

Cvetanka Sozovska



HÁTÍÐARHLJÓMSVEIT KIRKJULISTAHÁTÍÐAR

Fyrsta fiðla

Sif Tulinius, konsertmeistari
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Guðbjartur Hákonarson

Önnur fiðla

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn M. Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

Kontrabassi

Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Orgel

Isabelle Demers

Harpa

Elisabet Waage

Flauta og pikkólóflauta

Martial Nardeau

Óbó og englahorn

Matthías Nardeau

Klarinett og bassaklarinett

Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason

Trompet

Jóhann Nardeau

Horn

Stefán Jón Bernharðsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink



KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í ÁSMUNDARSAL



REYKJAVÍK  ROASTERS

Kaffihúsið er opið:

Laugardagur 01.06 kl. 09-17
Sunnudagur 02.06 kl. 09-20
Mán. - fim. 03.06-06.06 kl. 08-17
Föstudagur 07.06 kl. 08-20
Laugardagur 08.06 kl. 09-20
Hvítasunnudagur lokað
Annar í hvítasunnu 10.06 kl. 09-20
Tónleikagestir fá 10% afslátt á kaffihúsinu.

Kirkjulistahátíð er í samvinnu við Ásmundarsal við Freyjugötu í fyrsta sinn og boðið verður upp á tónleikaspjall og myndlistarspjall og ýmsar uppákomur á kaffihúsi og í sýningarsal hússins á meðan á hátíðinni stendur. Sýning Finnboga Péturssonar í sýningarsalnum speglar ómrými Hallgrímskirkju með sérstökum hætti.

Ásmundarsalur er fyrrverandi heimili eins okkar ástsælasta myndhöggvara, Ásmundar Sveinssonar, og er nú sjálfstætt starfandi sýningarsalur sem sinnir listinni í öllum sínum fjölbreytileika með áherslu á samspil milli ólíkra listforma.

Reykjavík Roasters er staðsett í setustofunni á fyrstu hæð Ásmundarsalar, þar sem hægt er að fletta í gegnum listaverkabækur og rit frá öllum tímum listasögunnar og njóta góðs kaffis og veitinga um leið.

Viðburðir í Ásmundarsal á Kirkjulistahátíð

Sun. 2. júní kl. 15 - Tónleikaspjall - Hafliði Hallgrímsson, tónskáld
Mán. 3. júní kl. 12 - Myndlistarspjall - Finnbogi Pétursson, myndlistarmaður
Þri. 4. júní kl. 12 - Tónleikaspjall - Marina Albero, psalterium-leikari
Fös. 7. júní kl. 16 - Tónleikaspjall - Benedikt Kristjánsson, söngvari
Mán. 10. júní kl. 15 - Tónleikaspjall - Sigurður Sævarsson, tónskáld

ÁSMUNDARSALUR

Þakkir

Undirbúningshópur Kirkjulistahátíðar 2019 /

Advisory Board of the Festival of Sacred Arts 2019:

Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi
Inga Rós Ingólfssdóttir, sellóleikari, verkefna- og framkvæmdastjóri
Pétur Oddbergur Heimisson, kynningarstjóri
Tuomo Suni, fiðluleikari
Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, umbrot
Rósa Gísladóttir, sýningarstjóri myndlistar
Finnbogi Pétursson, myndlistarmaður
Stefán Finnbogason, aðstoð við uppsetningu myndlistarsýningar
Guðmundur Vignir Karlsson, tæknileg útfærsla á MIDI-búnaði Klais-orgelsins og klukknaþpils
Sveinn Ingi Reynisson, aðstoð við tæknilega útfærslu
Nicholas Jones, aðstoð við enska þýðingu
Alexandra Kjeld, ráðgjöf og skipulagsvinna
Halldór Hauksson, hugmynda- og textavinna
Atli Freyr Steinþórsson, umsjón efnisskrár

Unnur Sesselía Ólafsdóttir, aðstoð við verkefnastjórn
Snorri Sigfús Birgisson, undirleikur á kóræfingum í Mysterium
Michael Schneider, undirleikur á kóræfingum í Mysterium
Marta G. Halldórsdóttir, raddþjálfun Mótettukórs Hallgrímskirkju

Sigurður Sævarsson, tónskáld, formaður stjórnar Listvinafélags Hallgrímskirkju
Salvör Nordal, stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju
Dr. Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur Hallgrímskirkju
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur Hallgrímskirkju
Sr. Kristján Valur Ingólfsson, fyrrverandi vígslubiskup í Skálholti
Katrín Sverrisdóttir, formaður Mótettukórs Hallgrímskirkju
Andrés Narfi Andrésson, arkitekt, útfærsla sviðs
Benedikt Ingólfsson, verkefnastjóri Schola cantorum
Lilja Dögg Gunnarsdóttir, Schola cantorum
Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju
Marissa Sigrún Pínal, markaðsfulltrúi Hótel Holts
Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hótelstjóri Hótel Holts
Aðalheiður Magnúsdóttir, safnstjóri í Ásmundarsal
Olga Lilja Ólafsdóttir, aðstoðarkona í Ásmundarsal
Þuríður Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Roasters
Erlingur Þórsson, prentsmiðjustjóri
Kristján E. Gunnarsson, heildsali

Sérstakar þakkir / Special thanks:

Hallgrímskirkja
Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar
Markus P. Möller, París
Mótettukór Hallgrímskirkju, sjálfboðaliðar
Schola cantorum, sjálfboðaliðar
Upplifun-bækur og blóm, Hörpu

Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra
Tónmenntasjóður kirkjunnar
Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytisins
Ásmundarsalur
Hótel Holt
Bernhöftsbakari
Luxor, tækjaleiga
Litróf, prentsmiðja
Tónaflóð, heimasíðugerð
RÚV
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Bilaleiga Akureyrar
Askja

www.listvinafelag.is
www.motettukor.is





NJÓTTU LISTAR

*Gestir **Kirkjulistahátíðar** fá sérstök kjör á **Hótel Holti** meðan á hátíðinni stendur. Veittur er **20% afsláttur af mat og drykk** gegn framvísun aðgöngumiða að hátíðinni.*



ARTFUL MOMENTS

*Guests of the **Festival of Sacred Arts** are invited to enjoy special rates at **Hotel Holt** while the festival is ongoing. Receive **20% off food and drink** when displaying an entrance ticket to the festival.*